




CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

2. tbl. 51. árgangur mars 2019



Lofthmynd frá fjarskiptamannvirkjum í Bláfjöllum. Endurvarparnir TF3RPB og TF3RPI hafa aðstöðu í stærra húsinu. Lofthnet endurvarpanna eru á stutta turninum lengst til hægri. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið*
- *Kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019*
- *Aðalfundur 2019*
- *Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar*
- *DXCC heildarstaða TF kallmerkja*

Á DÖFINNI:

- *Vetrardagskrá til 8. maí*
- *Páskaleikarnir 2019*
- *Tíðnimál, 60 metrar*
- *Nýtt kynningarefni um amatörradíó*
- *Skilafrestur efnis í næsta CQ TF er 16. júní 2019*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst og fjarskiptastofnun um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

Félagið er með opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2019–2020 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Georg Magnússon	TF2LL
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til Í.R.A. og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á pósthöfn ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2019–2020 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2019 og janúar 2020.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	5
Félagsstarfið · · · · ·	7
Aðalfundur ÍRA 2019 · · · · ·	18
Kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019 · · ·	22
Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar · · ·	33
Fundargerðir, starfstímabilið 2018/19 · ·	34
Helstu DX keppnir 2019; apríl til júní · ·	39
DXCC staða TF stöðva 22. mars 2019 · ·	40

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til magra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Í þessu tölublaði af CQ TF, er samantekt um það allra nýjasta í tækjum fyrir radióamatöra. Eftir að hafa skoðað listann og fundið draumataekið, þarf aðeins að senda einn tölvupóst og fáeinum dögum síðar er tækið komið í sjakkinn, fyrirhafnarlaust í boði VISA eða Mastercard.

Svona einfalt var málið ekki í den. Þegar undirritaður var að kynna leyndardómum radíóátækni-
innar fyrir margt löngu, sendu tilvonandi amatørar bréf, oft skrifað á einhverskonar „Þidgin ensku“, til framleiðanda amatörtækja í útlandinu, og báðu inn-
virðulegast um að fá tilsendan „katalog“, sem voru einskonar IKEA verðlistar þeirra tíma.

Einhverjum mánuðum seinna, kom svo póstmáður-
inn, hringdi dyrabjöllunni tvisvar, eins og póstmenn gerðu í þá daga, og réttu amatörnum tilvonandi, stórt og þykkt umslag, sem komið hafði í sjóþósti frá Ameríku, enda voru svo til öll rafeindataeki veraldar smíðuð þar á bæ.

Nú tekur við langur tími þar sem legið er yfir katalóginum daga sem nætur og að því kemur að draumataekið finnst, en því miður verður tækið oftast nær aðeins það, sum sé „draumataeki“. Þótt amatörinn tilvonandi hafi náð að nurla saman nægilega mörgum krónum til að eiga fyrir tækinu, var það þrautin þyngri að breyta þeim krónunum yfir í dollaraseðla.

Endalaus frumskógur reglugerða um gjaldeyrisyf-
færslu eða bann við yfirfærslu, sækja þurfti um innflutningsleyfi fyrir senditæki og ekki sjálfgefið að það leyfi fengist og svo mætti lengi telja. Ef það ótrúlega hefði nú gerst að allt hefði gengið eftir og öll leyfi fengist, þá fyrst hófst baráttan þegar tækið kom til landsins, því að tollheimtumenn ríkisins beittu öllum brögðum til að stöðva þennan stórhættulega innflutning.


Lausnin var því oft að kaupa dollaraseðla á svörtum markaði og komast síðan í kynni við sjómenn sem sigldu á Ameríku. Þeir góðu menn tóku stundum að sér að flytja tækin og koma þeim í land. Þessu fylgdi vissulega sú áhætta að ekki tækist að koma tækinu framhjá haukfránum augum tollvarða og tækin yrði gerð upptæk.

Nú fyrir skömmu, rakst ég á fáeinar myndir af amatörstöð Magnúsar Blöndal TF3MB, sennilega teknar árið

1950. Það er fróðlegt að bera saman tækin sem hann notaði við þau tæki sem flestir nota í dag.



Á mynd 1 þar sem Magnús situr við tækin, er lengst til hægri Hallicrafters Sky Champion S-20R viðtæki. Þessi tæki komu á markaðinn í kringum 1939 og þóttu mjög góð. Þau voru mikið notuð í síðari heimsstyrjöld og eru vinsæl hjá söfnurum. S-20R sjást iðulega enn þann dag í dag á Ebay.



Á mynd 2 sjást tækin betur. Sendirinn er til vinstri og Hallicrafters S-20R viðtækið til hægri. Ofan á við-

tækinu er BC-221 tíðnimælir. Þessir mælar voru framleiddir í hundruð þúsunda tali í seinni heimstyrjöld og notaðir af öllum herjum bandamanna. Ég gerði örstutta leit á Ebay og fann 23 einök sem kostuðu þetta frá \$10- upp í \$150-.



Það má fastlega gera ráð fyrir að Magnús hafi notað tíðnimælinn sem VFO við sendinn, sem var algengt á þessum tíma. Tæki, sennilega heimasníðað, ofan á tíðnimælinum, gæti verið RF magnari sem þurfti að nota milli BC-221 og sendisins þegar mælirinn var notaður sem VFO.

Svo er það stóra spurningin, hvernig skyldi radióamatörum nútímans ganga að nota þessi tæki.

73 TF3SB



Myndir af Vesturgötunni...



Nýlega fundust skemmtilegar ljósmyndir sem teknar voru í fjarskiptaherbergi ÍRA ca. árið 1976 þegar félagið hafði aðsetur að Vesturgötu 68. Kristján Benediktsson, TF3KB, tók myndirnar og kom þeim á framfæri við félagið.

Meðal tækja á fyrri myndinni (frá vinstri): Teletype Model 15 fjarritvélin, á borðinu er sveiflusjá fyrir RTTY, Kenwood TS-520 stöðin fyrir 10–80m með SP-520 borðhátalara og VFO-520. Collins



32V sendirinn er lengst til hægri, en hann var notaður til að senda merki inn á SSM Europa-B transverterinn (sem er ofan á sendinum) vegna fjarskipta um Oscar 6 og 7 gervitunglin. Á hillunni fyrir ofan má sjá original Collins borðhátalara.

Á seinni myndinni sést fjarskiptaðstaðan betur. Á milli Teletype 15 fjarritans og sveiflusjárinnar má t.d. sjá ST-5 RTTY „demodulatorinn“ sem var heimasníðaður af TF3KB.



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Ég vil byrja á að þakka félagsmönnum ánægjulega samveru á aðalfundi félagsins sem haldinn var í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík laugar- daginn 16. febrúar. Hvílíkur fundur! Annars vegar er þetta fjölmennasti aðalfundur í félaginu um áratuga skeið og hins vegar er þetta sá aðalfundur sem hefur tekið hvað stytstan tíma um áratuga skeið. Alls skráðu 35 félagsmenn sig á viðverulista og fundurinn stóð yfir í 1 klukkustund og 41 mínútu – þar af var kaffihlé í 20 mínútur. Þriðji þátturinn sem ég vil nefna, var hin almenna gleði, stuðningur og eining sem ríkti á fundinum. Það fór enginn varhluta af því. Það er óneitanlega gott veganesti fyrir viðtakandi stjórn að fá slíkan meðbyr sem verður svo sannarlega hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Það tókst nefnilega á liðnu stjórnarári að byggja margnefnda „brú“ á milli félags og félagsmanna. Og þegar brú er byggð frá báðum endum verður um að ræða sterkara mannvirki og burðarmeira. Þannig sé ég fyrir mér félagsstarfið í öflugum og jákvæðum farvegi sem á ný er komið á fullt skrið eftir aðalfund. Við munum halda áfram að þróa verkefni sem hafin var vinna við á síðasta starfsári og kynna ný til sögunnar.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi hefur verið lagfærð og endurskipulögð að því marki að við getum nú, kinnroðalaust, tekið á móti félagsmönnum og gestum sem er góð tilfinning. Við getum því beint sjónum okkar að því tvennu sem biður innanhúss. Það er, að koma aðstöðu í geymslu í kjallara í gott lag á ný. Ennfremur höfum við geymsluaðstöðu inn af fundarsalnum sem jafnframt hefur beðið. Hvorutveggja verður nú tekið fyrir.

Þriðja verkefnið innanhúss er endanlegur frágangur í fjarskiptaherbergi. Skipulag liggur fyrir í stórum dráttum, en verkefnið mun taka nokkurn tíma. Miðað er við að nota Icom stöðvarnar tvær á HF og Kenwood stöðina um gervitungl á VHF/UHF. Annar búnaður er hugsaður óbreyttur, s.s. RF magnari, minni VHF/UHF stöð, APRS búnaður og fleira. Þá verða nýju Dell tölvurnar tengdar sem bástust að gjöf frá TF3WZ. Í millitíðinni verður ýmis búnaður uppfærður, svo sem höfuðtöl (heyrnartöl með hljóðnema á spöng) sem eru slitin og úr sér gengin, stýribúnaður

sem gerir mögulegt að nota RF magnara félagsins við stóru stöðvarnar og fleira.

Stærsta verkefnið er hins vegar uppsetning og frágangur loftneta utanhúss. Þegar þetta er skrifað, er lausn þeirra mála einmitt til skoðunar. TF2LL og félagar unnu stórvirki með uppsetningu nýs turns, nýs rótors og nýs Yagi loftnets fyrir 14 MHz helgina 24.-25. nóvember s.l. Ljóst er, að næstu 4-5 ár verður þetta meginloftnet félagsins þar sem 20 metrarnir verða „hæsta“ nothæfa bandið í stuttbylgjusviðinu þann tíma. Miðað við að botninum í sólblettum verði náð innan 2-3 ára, getur það tekið efri böndin 4-5 að verða nothæf að einhverju marki á ný. Engu að síður verður unnið samkvæmt því markmiði, að gera félagsstöðina QRV á öllum böndum, þ.m.t. á 6 metr- um, en TF3IRA hefur ekki verið QRV á því bandi frá því áður en félagið flutti í Skeljanes árið 2003.

Nokkrar atriði liggja til grundvallar, þegar fjallað er um að félagsstöðin verði gerð QRV á sem flestum (eða öllum) böndum. *Í fyrsta lagi*, til að geta komið til móts við þarfir félaganna þegar þeir gera tilraunir frá heimastöð, færanlegri stöð eða annarsstaðar frá þar sem höfð er viðdvöl. *Í öðru lagi*, verður hægt að skipuleggja tilraunaverkefni í útbreiðslu radióbylgna, ýmist á vegum félagsins eða í samstarfi við aðra með aðkomu þess. *Í þriðja lagi*, þá nýtist loftnetakostur af þessari breidd í keppnum frá félagsstöðinni, því þótt 20 metrarnir verði áfram „efsta“ bandið, er ekki óþekkt að styttri opnanir verði á efri böndum sem gæti þýtt mikilvæga margfaldara í alþjóðlegum keppnum. Og *í fjórða lagi*, vil ég nefna rekstur félagsstöðvarinnar í neyðarfjarskiptum. Án þess að fjölyrða frekar um málið hér, bendi ég á grein í 1. tbl. CQ TF 2019, bls. 52, um fjarskiptaaðstöðu félagsins.

Félagsritið CQ TF hefur á ný unnið sér verðskuld- aðan sess í starfi félagsins og þetta 2. tölublað ársins styrkir enn tengslin við félagsmenn. Blaðið er sá vettvangur sem jafnt og þétt hefur unnið á frá því við endurreistum það eftir *fimm* ára hlé þann 29. apríl 2018. Blaðið er þegar orðið fastur liður í starfi félagsins, sem er vel. Nánast öll landsfélög radióamatöra í heiminum gefa út félagsrit. Mörg þeirra eru meira að segja stofnuð löngu fyrir daga ÍRA, en okkar félag er nú að hefja sitt 73. starfsár.

Námskeið til amatörprófs verður haldið í byrjun vetrar. Svo háttar til að tvö auglýst námskeið á fyrra starfsári voru felld niður vegna ónógrar þátttöku. Til skýringar er einkum að framboð á námskeiðum af þessu tagi var óvanalega mikið og þétt næstu misseri þar á undan. Nú er ljóst, að nægjanlegur fjöldi hefur sýnt áhuga og er stefnt að námskeiði í október næstkomandi.

Hvað varðar framtíðarmál, væntum við mikils af skipan Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ í embætti ungmennafulltrúa (*e. youth coordinator*) þann 16. janúar s.l., auk þess var hún skipuð verkefnisstjóri YOTA (*e. Youngsters On The Air*) verkefnisins tveimur mánuðum áður, í nóvember 2018. Elín er væntanleg til landsins í byrjun aprílmánaðar og mun stjórn félagsins eiga fund með henni við það tækifæri ásamt TF8RN, sem starfaði sem aðstoðarverkefnisstjóri að YOTA verkefninu í desember s.l. Elín, sem búsett er í Hollandi, hefur þegar átt fundi með Lisu Leenders, PA2LS, ungmennafulltrúa IARU Svæðis-1, en IARU er jafnframt stuðningsaðili YOTA. Mikil ánægja kom fram á aðalfundi félagsins í febrúar s.l., með þátttöku félagsins í þessum verkefnum.

Vetrardagskrá félagsins hefur verið vinsæl og gengið mjög vel, en henni lýkur þann 8. maí n.k. Síðan tókum við okkur frí í sumar en byrjum fyrir í haust en venjulega, eða þann 26. september. Dagskránni lýkur síðan með jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi, þann 19. desember. Dagskráin í haust verður að mörgu leyti spennandi og óvanaleg, en þá verðum við m.a. með utanaðkomandi aðila sem flytja áhugaverð erindi. Einn þeirra kemur meira að segja sérstaklega til landsins til að flytja erindi fyrir félagsmenn.

Hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ var í boði í 2. skipti laugardaginn 16. mars. Fullbókað var á námskeiðið og var seinni hlutinn haldinn viku síðar, laugardaginn 23. mars. Námskeiðið hefur gengið vel og hefur mikil ánægja verið

með fyrirkomulag þess. Í ljósi áhuga félagsmanna er til skoðunar hjá Óskari Sverrissyni, TF3DC, leiðbeinanda, að bjóða aukanámskeið strax eftir páska. Auglýsingar þess efnis verða settar á heimasíðunna þegar nær dregur. Námskeiðið er hugsað til að aðstoða menn við að byrja í loftinu – hvort heldur þeir eru með nýtt eða nýlegt leyfisbréf eða eldri leyfishafar. Hugmyndin er að skapa andrúmsloft sem er afslappað þar sem menn geta spurt spurninga og prófað sig áfram með reyndum leiðbeinanda til að öðlast öryggi í að fara í loftið.

Ný starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir starfsárið 2019/20 verður lögð fyrir stjórnarfund til samþykktar fljótlega upp úr páskum og verður til birtingar í næsta tölublaði CQ TF, 3. tbl. 2019, þann 30. júní. Margar spennandi nýjungar eru til umfjöllunar hjá félaginu um þessar mundir sem kynntar verða í starfsáætluninni. Ég er ekki í vafa um að félagsmenn munu taka þessum nýjungum opnum örmum og taka þátt í nýjum viðburðum.

Undanfarin missiri hafa félaginu borist stórar gjafir. Tvær þeirra hafa verið nefndar að framan, þ.e. tölvur frá TF3WZ og loftnet og turn frá TF2LL (og fleirum). Til viðbótar vil ég nefna góða gjöf frá TF3NA sem barst þann 6. mars s.l. Það eru 25 stólar af Stacco gerð, á krómaðri stálgrind og bólstraðir í baki og setu. Þeim fylgir sérhannaður geymslupallur á hjólum. Stólarnir eru notaðir en afar vel með farnir og voru einmitt það sem félagið vantaði eftir endurhönnun og endurupp-röðun í fundarsal félagsins sem nú rúmar þægilega 40 manns í sæti. Gjöfin kemur sér því einkar vel.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir til félagsmanna fyrir góða fundarsókn á aðalfund 2019 og fyrir áframhaldandi stuðning í embætti formanns. Því fylgir góð tilfinning að koma til starfa á nýju starfsári 2019/20.

Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður ÍRA.

SYLRA 2019 verður í Noregi



Þrjár glaðbeittar TF YL á SYLRA 2017 í Svíþjóð.

Skráning í SYLRA 2019 hefur gengið ágætlega og nú þegar eru 23 þátttakendur búnir að staðfesta komu sína til Noregs í september. Þar af eru þrjár íslenskar YL: TF2EQ, TF3VB, og TF3VD.

Enn er hægt að skrá sig ef fleiri hafa áhuga á að koma til Lilleström og/eða fara í aukaferðina sem er sigling frá Bergen til Kirkenes með strandferðaskipinu MS Trollfjord frá HURTIGRUTEN.

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum <http://la.sylra.is>



Félagsstarfið í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þegar þetta er skrifað þann 23. mars 2019 er liðinn rétt rúmur mánuður frá síðasta blaði sem kom út 25. janúar 2019. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma, en hér verður haldið áfram skrifum um starfið í dagbókarformi þar sem frá var horfið þann 6. janúar s.l.

12. janúar – Innsending efnis í CQ TF

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri sendi erindi



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri CQ TF. Ljósmynd: Jónas Bjarnason, TF3JB.

til félagsmanna á heimasíðu félagsins og FB síðum þann 12. janúar þar sem hann vakti athygli á að síðasti skilafrestur efnis í CQ TF væri sunnudagurinn 13. janúar. Ritstjóri orðaði þetta þannig, að allt efni um áhugamálið væri vel þegið í blaðið – frásagnir, ljósmyndir, eða

jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna mætti úr. Sigurbjörn hafði sent út fyrstu skilaboð með ósk um efni þann 3. janúar. Þess má geta að félagsmenn brugðust vel við því blaðið varð 70 blaðsíður að stærð.

12. janúar – Flóamarkaður radióamatöra

Nokkuð var um það rætt á Facebook síðum undir lok síðasta árs (2018) að þörf væri á vettvangi þar sem menn geta sett inn auglýsingar um amatörstöðvar og/eða búnað til sölu – eða óskað eftir að kaupa slíkt dót. Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, brást vel við og setti upp Facebook síðu sem kemur til móts við þessar þarfir. Nýja síðan heitir „Flóamarkaður Radióamatöra“. Ágúst skrifar eftirfarandi formála með síðunni:

Þetta er Flóamarkaður Radióamatöra þar sem hægt er að birta auglýsingar er varða áhugamálið. Vinsamlegast eyðið auglýsingum eða merkið með "Selt" eftir að viðskipti hafa farið fram. Þessi vefur er ekki ætlaður fyrir hljómfletningstæki, sjónvörp og þess háttar. Hann er ekki ætlaður fyrir almennt spjall, til þess eru aðrir vefir. 73 de Ágúst, TF3OM.



Ágúst H. Bjarnason TF3OM við tækin á Hrefnugötunni árið 1965. Ágúst er handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 45. Ljósmynd: TF3OM.

Skemmst er frá að segja, að Facebook síðan hefur náð vinsældum og þegar í byrjun marsmánaðar höfðu tæplega 90 manns skráð sig á „Flóamarkað Radióamatöra“.

ÍRA setti síðast upp eins konar flóamarkað á netinu á heimasíðu félagsins í desember 2012 undir heitinu „Smáauglýsingar“. Benedikt Sveinsson, TF3T, þáverandi vefstjóri félagsins setti upp sérstakt „FluxBB“ spjallborð í þessu augnamiði sem m.a. gaf möguleika á að setja inn myndir. Spjallsvæðið skiptist í almennt spjall og sérhæft spjall. Smáauglýsingarnar voru vistaðar undir almenna spjallinu. Verkefnið náði ekki flugi enda þyngra í vöfum en núverandi Facebook fyrirkomulag.

Vefslóð á nýju síðuna hjá TF3OM:

<https://www.facebook.com/groups/radiofloamarkadur/?l=1>

16. janúar – Skipan ungmennafulltrúa ÍRA

Á stjórnafundi í félaginu sem haldinn var þann 16. janúar var Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, skipuð í embætti ungmennafulltrúa ÍRA. Embættið er nýtt. Elín fluttist erlendis í byrjun ársins, en hefur tekið að sér að móta nýtt embætti ungmennafulltrúa sem er verðmætt verkefni til framtíðar. Hún mun m.a. annast samskipti við Lisu Leenders, PA2LS, sem er Youth Coordinator í IA.RU Svæði 1. Stjórn félagsins býður hana velkomna til starfa væntir mikils af störfum hennar í þessu nýja embætti.

Elín mun áfram gegna embætti YOTA verkefnisstjóra ÍRA ásamt Árna Frey Rúnarssyni,

TF8RN. YOTA viðburðurinn er haldinn árlega í desembermánuði.

Á fundinum var einnig lögð fram til kynningar vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí. Formaður, TF3JB, kynnti dagskrána. Alls verða 10 erindi í boði líkt og var fyrir áramót, laugardags- og sunnudagsopnanir og myndakvöld.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ var skipaður ungmennafulltrúi ÍRA 16. janúar. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda“ verður endurtekið. Nýjungar að þessu sinni eru myndakvöld og smíðanámskeið. Auglýstir viðburðir eru alls 16 talsins, en til viðbótar þeim fjölda bætast við laugardagsviðburðir sem eru auglýstir sérstaklega hverju sinni og seinna hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin...“ sem verður í boði eftir páska.

24. janúar - K4KJN í Skeljanesi

Christine Duez, K4KJN, kom í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi 24. janúar. Hún mætti með DMR (e. *Digital Mobile Radio*) handstöð, en var upplýst um að við værum enn ekki með slíkan endurvarpa á VHF hérlandis. Christine er áhugasöm um neyðarfjarskipti og er m.a. félagi í „Skywarn“ deild bandarísku veðurstofunnar. Hún var hrifin af aðstöðu félagsins og hafði nokkur sambönd.



Skeljanesi 24. janúar. Christine Duez K4KJN við stöðina í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Mathias Hagvaag TF3MH og Bernhard Svavarsson TF3BS segja henni til. Bernhard heldur á nýsamsettri Hendricks PFR-3 QRP stöð sinni fyrir 40, 30 og 20M sem hann sýndi viðstöddum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

25. janúar – 1. tbl. CQ TF 2019

Ritstjóri CQ TF, Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, fylgdi nýju tölublaði úr hlaði þann 25. janúar 2019 með þessum orðum: „Ég vil þakka fráfarandi stjórn og félagsmönnum ánægjulegt samstarf og góðan stuðning við CQ TF. Þessi stuðningur hefur vaxið með hverju tölublaði bæði að blaðsíðufjölda og fjölda félaga sem sent hafa efni til birtingar. Höldum áfram á þessari farsælu braut“. CQ TF var að þessu sinni 70 blaðsíður að stærð.



CQ TF, 1. tbl. 2019 kom út þann 25. janúar.

Meðal efni í 1. tbl. 2019: Frásögn af félagsstarfi ÍRA frá útkomu síðasta tölublaðs; grein um TF útileikana 2018, úrslit; grein um loftnetastórvirki fyrir TF3IRA unnið í Skeljanesi; grein um mælingar á yfirsveiflum VHF/UHF stöðva; fundarboð aðalfundar ÍRA 2019; grein um 17 daga á 160 metrum – reynslusaga; upplýsingar um innanlandstíðnina 3637 kHz; fundargerðir stjórnarfundar sem haldnir voru 8. og 3. október 2018; auglýsing um námskeið til amatörprófs; grein um fjarskiptaaðstöðu ÍRA; grein um reglugerðarumhverfi radióamatöra í 70 ár; grein um DXCC viðurkenningar fyrir radióamatöra; upplýsingar um stofnun talstöðvasafns Sigga Harðar, TF3WS að Skógum 2009; grein um fjallgöngur og útivist og KX2 tækið frá Elecraft; grein um stofnun Vibroplex fyrirtækisins árið 1905; grein um G5RV ferðaloftnet; grein um helstu DX keppnir 2019; janúar til apríl; upplýsingar um DXCC heildarstöðu TF stöðva 15. janúar 2019; og Vetrardagskrá ÍRA tímabilið febrúar-maí 2019.

2. febrúar – Námskeiði til amatörprófs frestað

Félagið auglýsti 6. janúar s.l. eftir áhuga á að taka þátt í námskeiði til amatörprófs í febrúar-maí 2019. Auglýsingar voru settar á heimasíðu ÍRA, Facebook síður, hjá Ferðaklúbbnum 4X4 og hjá háskólunum og tækniskólanum. Frestur var gefinn til 20. janúar, en var síðar framlengdur til 31. janúar. Fyrirspurnir bárust, en aðeins fjórir skráðu sig. Í ljósi þessa var ákveðið í samráði við prófnefnd og umsjónarmann námskeiða, að falla frá námskeiðshaldi nú, en stefna þess í stað að námskeiði í október-desember n.k. Til greina kemur að félagið fari þess á leit við Póst- og fjarskiptastofnun að efnt verði til prófs til amatörleyfis í maí n.k. (án undangengins námskeiðs).

Samkvæmt því voru áhugasamir beðnir um að senda tölvupóst til félagsins á „ira hjá ira.is“ fyrir 15. febrúar, án þess að slíkum pósti fylgdi skuldbinding. Beðið var með ákvörðun til loka febrúar, en þar sem aðeins barst áhugi frá tveimur aðilum var fallið frá hugmyndinni um próf án námskeiðs, að sinni.

2. febrúar – Mælingar á laugardegi

Ari Þórólfur Jónsson, TF1A, mætti í Skeljanes með mælitækin laugardaginn 2. febrúar. Að þessu sinni voru teknar fyrir fimm stöðvar úr Icom HF-línunni: IC-7100, 7300, 7610, 9100 og flaggskipið 7851.



Skeljanesi 2. febrúar. Frá vinstri: ICOM IC-7851, IC-9100, IC-7610, IC-7300 OG IC-7100. Ofan á 9100 stöðinni er borðhátalarinn IC-41 frá ICOM. Fremst á myndinni er ICOM borðhljóðnemi og uppi í horninu til hægri Diamond GSV3000 aflgjafi. Ljósmynd: TF1A.

Jón G. Guðmundsson, TF3LM, aðstoðaði við mælingar. Skoðuð var m.a. næmi í viðtöku á HF og á 50 MHz. Stöðvarnar voru staðsettar í salnum þar sem aðgangur var góður að tækjunum, en loftnet var leitt niður í sal úr fjarskiptaherberginu. Að sögn Ara veittu mælingarnar góða vísbendingu um gæði viðtækjanna, sem öll stóðust lágmarkskröfur. Alls mættu 20 félagar í Skeljanes þennan sólríka laugardag og voru margir að sjá flaggskipið Icom IC-7851 í fyrsta skipti. Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A, fyrir að standa að viðburðinum.



Mælingar ræddar. Frá vinstri: Þórður Adolfsson TF3DT, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Jón Björnsson TF3PW, Guðmundur Birgir Pálsson TF1AK, Wilhelm Sigurðsson TF3AWK, Erik Finskas OH2LAK og Heimir Konráðsson TF1EIN, Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33 og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

7. febrúar – Erindi Ara Þórólfs TF1A

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 7. febrúar og flutti áhugavert erindi um stafræna fjarskiptakerfið D-STAR (e. *Digital Smart Technologies for Amateur Radio*). D-STAR á sér yfir 20 ára sögu, og komu japönsk stjórnvöld fyrst að



Skeljanesi 7. febrúar. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A flutti afar áhugavert erindi um D-STAR fjarskiptakerfið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

fjármögnun þess sem rannsóknarverkefni með aðkomu landsfélags japanskra radióamatöra, JARL og fleirum. Icom kom síðar að verkefninu og fyrir 15 árum var D-STAR markaðssett. Kenwood bættist í hópinn 2017 en Yaesu notar annað kerfi.

D-STAR tengir saman stafræn fjarskipti radióamatöra og netið. Stafrænn D-STAR endurvarpi er starfræktur í Bláfjöllum á UHF (TF3RPI). Hann hefur gátt yfir netið út í heim. Endurvarpinn er í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML.



Frá vinstri: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Næsta röð (aftar): Jón Björnsson TF3PW, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Georg Kulp TF3GZ. Næsta röð (aftar): Ársæll Óskarsson TF3AO, Pier Albert Kaspersma TF3PKN, Þórður Adolfsson TF3DT og Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33. Næsta röð (aftar): Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

D-STAR fjarskiptastöðvar eru fáanlegar fyrir HF, VHF og UHF tíðnisviðin og fór Ari vel yfir

möguleikana og hvernig tengjast má kerfinu. Í raun er kallmerkið lykillinn og aðgangur að kerfinu um allan heim.

Hann flutti okkur fróðlega innsýn í þennan forvitnilega heim fjarskiptanna sem hefur ekki mikið verið nýtur hér á landi. Þó kom fram hjá Ara að 18 íslensk kallmerki eru skráð í gagnagrunn D-STAR. Alls mættu 24 félagsmenn í Skeljanes á þetta fyrsta erindi á nýrri vetrardagskrá ÍRA fyrir febrúar-maí 2019. Ari fékk að lokum gott klapp fyrir fróðlegt og áhugavert erindi þetta ágæta fimmtudagskvöld.

13. febrúar – TF3UA í viðtali á RÚV

Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA var í viðtali í útvarpsþættinum „Mannlegi Þátturinn“ á RÚV Rás 1 miðvikudaginn 13. febrúar.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA.
Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC

Þar sagði hann frá amatör radiói sem áhugamáli. Það var Gunnar Hansson sem var spyrjandi og stóð hann sig vel. Á heimasíðu þáttarins á netinu skrifar Gunnar Hansson:

„Sæmundur E. Þorsteinsson gerðist radióamatör árið 1973 og er nú virkur liðsmaður ÍRA, Íslenskum radióamatörum, en félagið er skipað áhugafólki um radiósamskipti í tali, morsi og hvers kyns merkjasendingum“.



Mannlegi þátturinn á RÚV Rás 1. Umsjón hafa Lisa Pálsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Gunnar Hansson. Ljósmynd: RÚV.

Viðtalið var um 20 mínútur að lengd og kom Sæmundur góðri fræðslu á framfæri við landsmenn á þeim tíma. Skemmtilegt og fróðlegt viðtal. Það er vistað á heimasíðu ÍRA.

16. febrúar – Aðalfundur ÍRA 2019

Aðalfundur ÍRA 2019 var haldinn 16. febrúar í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt ákvæðum í lögum félagsins. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, fundarritari. Alls sóttu 35 félagsmenn fundinn samkvæmt skráningu í viðverubók. Fundurinn var settur kl. 13:10 og slitið kl. 14:30.



Frá aðalfundi ÍRA 2019 sem var 16. febrúar í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu við Hagatorg í Reykjavík. Ljósmynd: TF3KB.

Eftirtaldir skipa nýja stjórn félagsins fyrir starfstímabilið 2019–2020: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður (endurkjörinn); Óskar Sverrisson, TF3DC (situr sitt síðara kjörtímabil), Georg Magnússon, TF2LL (situr sitt síðara kjörtímabil), Guðmundur Sigurðsson, TF3GS (kjörinn til 2 ára) og Jón Björnsson, TF3PW (kjörinn til 2 ára). Varamenn til 1 árs voru kjörnir þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA (endurkjörinn) og Heimir Konráðsson, TF1EIN.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Haukur Konráðsson, TF3HK og Yngvi Harðarson, TF3Y og til vara, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Félagsgjald var samþykkt óbreytt frá fyrra ári, 6500 krónur fyrir starfsárið 2019–2020. Sjá nánar frásögn frá 1. stjórnarfundum nýrrar stjórnar þann 28. febrúar, aftur í þessum kafla. Sjá ennfrems sérstaka umfjöllun er um aðalfundinn í heild annarsstaðar í blaðinu.

19. febrúar – Myndakvöld

Fimmtudaginn 21. febrúar var myndakvöld í Skeljanesi og var fyrst sýnd ný DVD mynd frá DX-leiðangri til Miðbaugs Gíneu og Annobon eyju undan vesturströnd Afríku. Í myndbandinu var áhugaverð frásögn frá DX-leiðangri leyfishafa frá Lettlandi, þeirra YL1ZF, YL2GM og YL2KL. Þeir höfðu alls 86 þúsund QSO og þ.á.m. við íslenska leyfishafa. Myndasýningin var í boði Óskars Sverrissonar, TF3DC.



Félagsmenn voru dreifðir um salinn.



Umræður í leðursófasettinu eftir myndasýninguna. Frá vinstri: Þórður Adolfsson TF3DT, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Kristján Benediktsson TF3KB (standandi) og næst myndavél, standandi, Mathías Hagvaag TF3MH og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

Óskar sýndi okkur einnig úr mynd frá síðasta DX-leiðangri sem farinn var til Peter 1 eyju á Suðurheimskautslandinu. Myndin veitti góða innsýn í erfiðar aðstæður leiðangursins sem farinn var árið 2006. Alls voru höfð 87 þúsund QSO. Myndin er í eigu félagsins og var gefin á sínum tíma af Brynjólfi Jónssyni, TF5B.

Að lokum var sýnt frá frægum DX-leiðangri til Malpelo, sem í raun er stór klettur í austur-Kyrrahafi, um 500 km vestur af Kólumbíu. Afar fróðleg mynd,

en á 6 vikum höfðu þátttakendur yfir 190 þúsund QSO. Þeir settu upp búðir efst á klettinum, sem er aðeins 1600m á lengd og 700m á breidd.

Bestu þakkir til Óskars Sverrissonar, TF3DC fyrir skemmtilegt myndakvöld í Skeljanesi. Alls mættu 24 félagar þetta vindasama vetrarkvöld í Reykjavík, þar af þrír gestir.

22. febrúar – PFS endurnýjar 1850-1900 kHz heimild

ÍRA barst staðfesting frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) 22. febrúar 2019 um heimild til notkunar tíðnisviðsins 1850–1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum radióamatöra á almanaksárinu 2019. Heimildin nær til 10 tilgreindra keppna sem sjá má í töflunni hér að neðan.



Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur heimild til notkunar nokkurra tíðna á þessu tíðnisviði. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir radióamatöra standa yfir (sjá að ofan); (b) G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W. Leyfishafar skulu sækja sérstaklega um heimild til PFS á pósthafang: hrh@pfs.is eða pfs@pfs

Heimild á 1850-1900 kHz gildir um eftirfarandi tilgreindar alþjóðlegar keppnir árið 2019.

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	TEG. ÚTG.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World-Wide 160 metra keppnin	CW	25.-27. janúar, kl. 22-22	48 klst.
ARRL DX keppnin	CW	16.-17. febrúar, kl. 00-00	48 klst.
CQ World-Wide 160 metra keppnin	SSB	22.-24. febrúar, kl. 22-22	48 klst.
ARRL DX keppnin	SSB	2.-3. mars, kl. 00-00	48 klst.
CQ WPX keppnin	SSB	30.-31. mars, kl. 00-00	48 klst.
CQ WPX keppnin	CW	25.-26. maí, kl. 00-00	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	13.-14. júlí, kl. 12-12	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	26.-27. október, kl. 00-00	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	23.-24. nóvember, kl. 00-00	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	6.-8. desember, kl. 22-16	40 klst.

23. febrúar – OZ7AM í Skeljanesi

Alex Rosenmejer Hansen, OZ7OM, kom í heimsókn í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 23. febrúar og færði okkur kveðjur frá Elínu Sigurðardóttur, TF2EQ.



Skeljanesi 23. febrúar 2019. Alex Rosenmejer Hansen OZ7OM í fjarskipaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Óskar Sverrisson, TF3DC, tók á móti Alex og sýndi honum húsnæðisaðstöðu félagsins. Hann er mikill CW maður og tók nokkur QSO á félagsstöðina. Þá er hann þrautreyndur leiðangursfari eins og lesa má um á heimasíðu hans á QRZ.COM.

Hann var mjög ánægður með móttökur, en þeir Óskar ræddu m.a. DX, loftnetamál og tækifæri/möguleika félagsstöðvarinnar í þeim efnum.

Alex hefur verið leyfishafi frá árinu 2004. Á þessum 15 árum hefur hann farið í marga DX-leiðangra, yfirleitt ásamt fleirum (eins og hann segir sjálfur), m.a. til 6Y, 9G, A7, CU, DL, ES, F, HK, JW, LX, OY, OX, S5, SK, VE, VK2, VK9. Og nú í febrúar 2019 bættist við TF við. Þessu til viðbótar hefur hann m.a. tekið þátt í Jamboree-On-The-Air (JOTA) viðburðum í Danmörku og víðar.

25. febrúar – Óformleg ritnefnd CQ TF

Formaður og varaformaður, TF3JB og TF3DC, hittu ritstjóra og umbrotsmann, TF3SB og TF3VS, á óformlegum hádegisverðarfundum þann 25. febrúar. Jónas og Óskar kynntu drög að útgáfuáætlun CQ TF fyrir nýtt stjórnarár 2019/20 sem hugmyndin var að leggja fyrir 1. stjórnarfund nýrrar stjórnar daginn eftir. Útgáfuáætlunin var samþykkt, sem og formlega á fundi stjórnar, samanber meðfylgjandi töflu. Á

stjórnarfundinum var jafnframt samþykkt að prenta 25 eintök af hverju blaði líkt og síðasta starfsár.

Jafnframt var rætt um stærð blaðsins. Menn voru sammála um að í raun skipti blaðsíðufjöldinn ekki máli þar sem um er að ræða útgáfu á PDF formi á heimasíðu félagsins. Það væri þó e.t.v. sjónarmið, að heppileg stærð blaðsins hverju sinni væri á bilinu 36-40 blaðsíður.

26. febrúar – 1. fundur í nýrri stjórn ÍRA

Formlegur stjórnarskiptafundur var haldinn þann 26. febrúar í Skeljanesi og í beinu framhaldi, 1. fundur nýrrar stjórnar. Á stjórnarfundinum var m.a. skipt embættum fyrir starfsárið 2019/20 samkvæmt eftirfarandi: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður; Georg Magnússon, TF2LL, ritari; Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri; Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, meðstjórnandi; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, varstjórn og Heimir Konráðsson, TF1EIN, varastjórn.



Ný stjórn félagsins fyrir starfsárið 2019/20 skipti með sér verkum á 1. fundi þann 26. febrúar. Frá vinstri: Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson TF3GS meðstjórnandi, Georg Magnússon TF2LL ritari, Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varastjórn. Myndin var tekin 16. febrúar eftir aðalfund 2019. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

28. febrúar – Erindi Jónasar TF3JB

Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í Skeljanesi 28. febrúar og hélt erindi undir heitinu: “Kaup á nýrri HF amatörstöð vorið 2019; markaðurinn og ný viðhorf”. Erindið byggði á grein í 1. tbl. CQ TF 2018 um sama

Tillaga að útgáfuáætlun CQ TF 2019/20.

Tölublað	Auglýst eftir efni	Útkomudagur	Tími frá síðasta tölublaði
2. tbl. 2019	10.-20. mars	Sunnudagur 31. mars	2,2 mánuðir
3. tbl. 2019	6.-16. júní	Sunnudagur 30. júní	3 mánuðir
4. tbl. 2019	5.-15. september	Sunnudagur 29. september	3 mánuðir
1. tbl. 2020	2. -12. janúar 2020	Sunnudagur 26. janúar	4,2 mánuðir



Skeljanesi 28. febrúar: Jónas Bjarnason TF3JB flutti erindi um kaup á nýrri HF amatörstöð vorið 2019 og um markaðinn og ný viðhorf. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

efni, uppfært til dagsins í dag. Hann ræddi einnig um áhrifaþætti á markað fyrir nýjar HF stöðvar, svo sem lága stöðu sólbletta og ný viðhorf í ljósi aukinna vinsælda stafrænna tegunda útgeislunar og breytingar á sölukerfi amatörstöðva og búnaðar.

Farið var yfir markaðinn í heild og fram kom m.a. að 13 framleiðendur í 7 þjóðlöndum bjóða alls 46 gerðir HF stöðva sem skiptast á 15 mismundandi tegundir. Þrír þeirra stærstu, Icom, JCV Kenwood og Yaesu, eru með 52% af framboðinu. Ódýrasta HF stöðin er Minion Mini frá QRPver í Úkraínu sem kostar 52 þús. krónur og ódýrasta 100W stöðin er DX-SR8 frá Alinco í Japan kostar 83 þúsund krónur (verð með öllum gjöldum til landsins).



Hluti fundarmanna í Skeljanesi 28. febrúar. Frá vinstri (fremst): Jón Björnsson TF3PW, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Einar Kjartansson TF3EK Kristján Benediktsson TF3KB., Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Georg Kulp TF3GZ, Óskar Sverrisson TF3DC, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Mathías Hagvaag TF3MH, Eiður Kristinn Magnússon TF3-071 og Guðrún Hannesdóttir TF3GD. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Jónas leit að lokum til þróunar markaðarins fram til ársins 2025. Hann ræddi um væntanlegar breytingar svo sem aukna innkomu framleiðenda frá A-Evrópu

og Kína. Ennfremur um stöðu áhugamálsins gagnvart breyttri þjóðfélagskipan, m.a. aukna samkeppni um tíma fólks og tómstundir sem hefur áhrif á endurnýjun í hópi radióamatöra líkt og annars staðar.

Alls mættu 27 félagar í Skeljanesi þetta ágæta fimmtudagskvöld. Mikill áhugi var á umfjöllunarefninu og fyrirspurnir og umræður stóðu fram yfir kl. 22:30 þegar TF3JB var þakkað fyrir fróðlegt og áhugavert erindi með lófaklappi.

2. mars – Spennandi laugardagsopnun í Skeljanesi

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, mættu í Skeljanesi laugardaginn 2. mars. Í handraðanum voru Anan 7000 stöð frá Apache Labs og Flex 6400 stöð frá FlexRadio. Ekki er vítað um fleiri eintök í landinu en þessi tvö.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A segir frá Anan 7000DLE stöðinni. Frá vinstri: Þórður Adólfsson TF3DT, Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Stöðvarnar eru báðar SDR stöðvar, vinna á HF + 6 metrum og eru búnar 100W sendum. Báðar þurfa utanaðkomandi tölvu (með skjá) sem aukabúnað. Báðar þurfa ennfremur utanaðkomandi aflgjafa sem getur gefið 13.8VDC, allt að 25A. ANAN 7000DLE MK-II kostar 433 þús. krónur komin hingað til lands en FLEX 6400 kostar 315 þús. krónur (miðað við gengi ísl. krónunnar 1.3.2019).



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS segir frá Flex 4000 stöðinni. Frá hægri: Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Óskar Sverrisson TF3DC, Mathías Hagvaag TF3MH og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

Það er ætíð spennandi að sjá og snerta stöðvar sem maður hefur ekki séð fyrr og það á svo sannarlega við um þessar. Tilfinningin að stilla viðtöku þeirra beggja er mjög góð og möguleikarnir til að vinna úr merkjum á böndunum geysimargir. Þeir Ari og Vilhjálmur héldu stutta tölu þar sem þeir ræddu hvora stöð fyrir sig og svöruðu spurningum. Báðir hafa mikla reynslu og hafa átt (og eiga) fleiri stöðvar og báðir eru mjög ánægðir með stöðvarnar. Alls mættu 14 félagar og 2 gestir í Skeljanes þennan sólríka laugardag í höfuðborginni. Bestu þakkir til þeirra Ara og Vilhjálms fyrir fróðlega og skemmtilega kynningu.

6. mars – Stólar í Skeljanes, höfðingleg gjöf

Félaginu barst að gjöf, 25 stólar til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Það var Haukur Þór Haraldsson TF3NA sem færði félaginu þessa nýtsömu gjöf miðvikudaginn 6. mars. Stólarnir eru af Stacco gerð, á




Skeljanesi 6. mars 2019. Haukur Þór Haraldsson TF3NA færir ÍRA 25 vandaða fundarstóla að gjöf. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

krómaðri stálgrind og bólstraðir í bak og setu. Þeim fylgir sérhannaður geymsluvagn á hjólum, sem sjá má á meðfylgjandi ljósmynd. Stólarnir eru notaðir en afar vel með farnir. Eftir endurhönnun og enduruppröðun í fundarsal félagsins sem nú rúmar þægilega 40 manns í sæti, vantaði okkur sárlega fleiri stóla. Gjöfin kemur sér því einkar vel.

Stjórn ÍRA þakkar Hauki Þór, TF3NA, höfðinglega gjöf.

7. mars – Erindi Einars TF3EK

Einar Kjartansson, TF3EK, mætti í Skeljanes 7. mars og hélt erindi undir heitinu: „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“.



Skeljanesi 7 mars. Einar Kjartansson TF3EK flutti erindi um búnað og aðferðir sem henta fyrir SOTA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Einar fór yfir tilurð SOTA sem var stofnað 2. mars 2002. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptataeki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Hann útskýrði hvernig sambönd eru höfð og færð inn í gagnagrunn á heimasíðu SOTA. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og hérlendis eru þeir 908 talsins. Um 20 TF kallmerki eru skráði hjá SOTA.

Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX var fyrstur til að „virkja“ fjallatind samkvæmt verkefninu, þann 1. september 2016 þegar Ísland gerist aðili. Þeir Egill Íbsen TF3EO, Einar Kjartansson TF3EK og Þórður Ívarsson TF5PX settu kerfið upp hér á landi.

Landshluti	Skammstöfun	Fjöldi tinda	Fjöldi virkj-aður
Austurland	AL	281	3
Norðurland	NL	211	5
Suðurland	SL	216	43
Snæfellsnes	SN	66	5
Suðvesturland	SV	43	43
Vesturland	VE	6	2
Vestfirðir	VF	85	9





Nýju fundarstólar félagsins voru vígðir þetta kvöld sem Einar var með SOTA erindi sitt. Menn létu vel af auknum þægingum í fundarsal flagsins. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Margskonar viðurkenningarskjöl og verðlaunagrip-ir eru í boði, svo sem Fjallageitin (*e. Mountain Goat*). Aðspurður, sagðist Einar vera u.þ.b. hálfnaður uns hann getur sótt um „Fjallageitina“. Erindið var vel flutt og Einar svaraði mörgum fyrirspurnum og fékk að lokum gott klapp. Umræður héldu þó áfram og sýndi Einar búnað sinn. Stöðvarnar eru Yaesu FT-857D og Elecraft KX-2, loftnet eru heimatilbúin, m.a. dípólar og glertrefjastangir sem eru reistar á vettvangi.




Eftir erindið sýndi Einar búnaðinn sem hann notar í SOTA ferðum á fjallatinda. Með honum á myndinni eru þeir Þórður Adolfsson TF3DT og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

Alls mættu 24 félagsmenn og 2 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld. Þakkir til Einars Kjartanssonar TF3EK fyrir fróðlegt og skemmtilegt erindi. Mikil ánægja var með nýju stólana sem nú voru notaðir í fyrsta skipti eftir að tekið var á móti gjöf TF3NA til félagsins þann 6. mars.

14. mars – Erindi Vilhjálms, TF3VS

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 14. mars og flutti erindið “Logger32 dagbókarforritið; auknar vinsældir – nýir möguleikar”.

Hann kynnti forritið og fór yfir uppsetningu þess. Hann sýndi vel hve einfalt og öflugt það er, jafnframt því að vera aðgengilegt fyrir venjulegan leyfishafa að laga að eigin þörfum – án þess að þurfa að vera sérfræðingur í forritun eða tölvumálum.



Skeljanesi 14. mars. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS flutti erindið “Logger32 dagbókarforritið; auknar vinsældir – nýir möguleikar”. Lengst til hægri: Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Það var mál manna að Logger32 væri í raun meira en sérhæft dagbókarforrit þar sem m.a. er hægt að stýra fjarskiptum beint frá forritinu, auk þess sem það býður upp á fjölda möguleika í mismunandi útfærslum. Vilhjálmur sýndi m.a. með dæmum hvernig hann notar forritið sjálfur og tengdist heimastöð sinni yfir netið í því skyni, sem var mjög fróðlegt.



Hluti fundarmanna. Frá vinstri: Stefán Arndal TF3SA, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Ársæll Óskarsson TF3AO, Mathías Hagvaag TF3MH, Bjarni Sverrisson TF3GB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Óskar Sverrisson TF3DC, Heimir Konráðsson TF1EIN, Jón Björnsson TF3PW og Þórður Adolfsson TF3DT. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Hann fór yfir getu Logger32 hvað varðar stafrænar tegundir útgeislunar, en færsla í fjarskiptadagbók er viðstöðulaus og án vandræða sem gjarnan fylgja öðrum forritum. Fyrir marga er jafnframt kostur að Logger32 er á íslensku og er forritið boðið ókeypis á

netinu til íslenskra radióamatöra. Það var Vilhjálmur sem þýddi forritið.

Eftir kaffihlé tók Vilhjálmur við fyrirspurnum frá áhugasömum fundarmönnum og héldu menn áfram að spjalla framundir kl. 22:30 þegar honum var þakkað fyrir fróðlegt og skemmtilega flutt erindi með veglegu lófaklappi. Alls mættu 22 félagsmenn og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

16. mars – Fullbókað á hraðnámskeið

Hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ hófst í morgun, 16. mars kl. 10:15.

Námskeiðið er hugsað til að aðstoða menn við að byrja í loftinu – hvort heldur þeir eru með nýtt eða nýlegt leyfisbréf eða eldri leyfishafar. Hugmyndin er að skapa andrúmsloft sem er afslappað þar sem menn geta spurt spurninga og prófað sig áfram með reyndum leiðbeinanda til að öðlast öryggi í að fara í loftið.



Þátttakendur á hraðnámskeiðinu „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ í Skeljanesi 16. mars. Frá vinstri: Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Óskar Sverrisson TF3DC, Mathías Hagvaag TF3MH (gestur), Reynir Björnsson TF3JL og Haukur Þór Haraldsson TF3NA. Á myndina vantar Jón Svavarsson TF3JON. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Eftir undirbúning í salnum færðu menn sig upp á efri hæðina í fjarskiptaherbergi félagsins. Frá vinstri: Jón Svavarsson TF3JON, Mathías Hagvaag TF3MH (gestur), Óskar Sverrisson TF3DC, Haukur Þór Haraldsson TF3NA og Reynir Björnsson TF3RL. Á myndina vantar Sigurð Óskar Óskarsson TF2WIN. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.


Létt var yfir mönnum þegar tíðindamann bar að garði í Skeljanesi í morgun, rétt fyrir kl. 10. Þá voru þátttakendur í kaffi við stóra borðið á meðan beðið var eftir einum til viðbótar. Að sögn Óskars Sverrissonar, TF3DC, leiðbeinanda, er námskeiðið fullbókað, en miðað er við mest fjóra þátttakendur hverju sinni til að það nýtist sem best.

Neðri ljósmyndin var tekin í fjarskiptaherberginu þegar tíðindamaður kom á ný í hús um kl. 13. Þá var farið í loftið á morsi og FT8. Aðspurður sagði Óskar að námskeiðið yrði aftur í boði fljótlega, enda mikill áhugi á meðal félagsmanna.

Þátttakendur að þessu sinni voru þeir Haukur Þór Haraldsson, TF3NA; Jón Svavarsson, TF3JON; Reynir Björnsson, TF3JL og Sigurður Óskar Óskars-son, TF2WIN. Síðari hluti námskeiðsins verður haldinn á sama tíma laugardaginn 23. mars.

16. mars – ARRL Grid Chase 2018

Niðurstaða hefur verið birt í ARRL International Grid Chase keppninni 2018, en QSO þurfa að vera staðfest á Logbook of The World (LoTW).




Í meðfylgjandi töflu segir talan vinstra megin við kallmerkið til um röð innan TF; talan hæga megin segir til um röð yfir heiminn.

Þrír leyfishafar eru með afgerandi bestan árangur af íslenskum leyfishöfum yfir heiminn. Það eru TF1A (í 177. sæti), TF2MSN (í 501. sæti) og TF5B (í 722. sæti). Hamingjuóskir til allra þriggja.

Nr. 1 – TF1A (177)	Nr. 16 – TF8KY (16329)
Nr. 2 – TF2MSN (501)	Nr. 17 – TF2LL (18107)
Nr. 3 – TF5B (722)	Nr. 18 – TF1OL (18681)
Nr. 4 – TF3DT (3166)	Nr. 19 – TF3T (19296)
Nr. 5 – TF3PPN (5512)	Nr. 20 – TF3VP (20948)
Nr. 6 – TF8V (5781)	
Nr. 7 – TF3IRA (5412)	Nr. 21 – TF3AO (24708)
Nr. 8 – TF3SG (6886)	Nr. 22 – TF3PW (25850)
Nr. 9 – TF3JB (7565)	Nr. 23 – TF4M (26795)
Nr. 10 – TF3VS (7679)	Nr. 24 – TF1TB (26919)
	Nr. 25 – TF1MT (27365)
Nr. 11 – TF3GB (7861)	Nr. 26 – TF3MH (29047)
Nr. 12 – TF2R (9496)	Nr. 27 – TF3JZ (30720)
Nr. 13 – TF3EK (9754)	Nr. 28 – TF3EO (31625)
Nr. 14 – TF3DC (11661)	Nr. 29 – TF3G (36268)
Nr. 15 – TF3Y (14520)	Nr. 30 – TF8SM (39774)


21. mars – Erindi Ágústs TF3OM

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 21. mars og flutti erindið „Radió-amatör í meira en 50 ár, reynslusögur úr áhugamálinu frá barnsaldri...“.



Skeljanesi 21. mars. Ágúst H. Bjarnason flytur erindi um 55 ár í amatör radiói. Á meðfylgjandi glæru má lesa að þegar hann var 14 ára fann hann spennubreyti úr vibrator aflgjafa á viðavangi, tók til við að mæla spennuna en gleymdi sér og fékk gríðarmikinn straum. Þegar hann hafði jafnað sig mældi hann aftur (þá með vinstri hönd í vasanum) sýndi mælirinn 620 volt AC.

Ágústi tókst mjög vel upp og sagði skemmtilega frá áhugamálinu sem hófst þegar á unga aldri. Hann lýsir fyrstu kynnum sínum eftirfarandi: „Fyrstu minningarnar frá því er ég sá rafmagn í fyrsta skipti eru þegar ég skreið að vegg tengli í borðstofunni sem tengdur var við brauðrist. Ég var með stóran gosflöskuupptakara í hendi og setti hann milli pinnanna sem glitti í. Bang! Svakalegur bláhvítur blossi, enda öryggið 16 amper eða kannski rúmlega það, því á þessum tíma voru sprungin öryggi lagfærð heima. Flestir kunnu það. Sjálfsagt hef ég rekið upp öskur, en þetta vakti áhuga minn á rafmagni sem lét mig ekki í friði næstu áratugina. Síðan er skarð í upptakaranum þar sem hann komst í námunda við rafmagnið!“.



Ágúst hefur verið duglegur við heimasmiðar í gegnum árin eins og sjá má á eftirfarandi ljósmynd og hann á enn mikið af „dótinu“ sem hann hefur smíðað á visum stað í bílskúrnum.

Hann fékk leyfisbréfið 8. ágúst 1964 og fékk þar með morsleyfi, talleyfi og smíðaleyfi frá Póst- og síamálastofnun, undirritað af Jóni Skúlasyni Póst- og síamálastjóra. Upp frá því varð hann virkur í ÍRA, tók m.a. þátt í refaveiðum, gerðist ritstjóri CQ TF og fleira.

Fyrsta QSO-ið var við TF3KB á morsi á 40 metrum þann 11.8.1964 kl. 19:45, en Ágúst sýndi mynd úr upphaflegu fjarskiptadagbókinni frá þeim tíma (sem



Frá vinstri (fremst): Stefán Arndal TF3SA, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Yngvi Harðarson TF3YH, Óskar Sverrisson TF3DC, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Ársæll Óskarsson TF3AO, Bjarni Sverrisson TF3GB, Jón Björnsson TF3PW, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Mathías Hagvaag TF3MH, Georg Kulp TF3GZ, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Bernhard M. Svavarsson TF3BS og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

hann á allar enn). Síðan fylgdu sambönd m.a. við TF5TP, TF3CJ, TF3DX, TF3IC og fleiri íslenska leyfishafa og að sjálfsögðu DX-sambönd.

Ágúst keypti notaða Heathkit HW-32A stöð þegar hann flutti til Svíþjóðar til náms 1969-1971 og var þá fjáls með að tala til Íslands eftir því sem skilyrði leyfðu.



Frá vinstri (aftast): Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Ársæll Óskarsson TF3AO og Bjarni Sverrisson TF3GB. Í hliðarsal til hægri: Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Þórarinn Benedikt TF3TZ og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmyndir: Kristján Benediktsson TF3KB og Óskar Sverrisson TF3DC.

Margir taka sér hlé frá áhugamálinu og hann er einn þeirra. Ágúst sagði, að þegar vinnan væri á svipuðum nótum og áhugamálið ... þá gengi það aldrei til lengdar. Hann tók aftur til til við amatör radió fyrir 2 árum og segist afar ánægður með það í dag.

Mikil ánægja var með erindi Ágústs. Að sögn eins viðstaddra „...hefði mátt heyra saumnál detta ...“ slíkur var áhugi og athygli fundarmanna. Um kl. 22:30 var Ágústi þakkað með veglegu lófaklappi fyrir vel undirbúið og vel flutt erindi. Líflegar umræður héldu þó áfram og fram yfir kl. 23. Mæting var góð í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld, alls 25 félagar og 1 gestur. Bestu þakkir til Ágústs H. Bjarnasonar, TF3OM.



Aðalfundur ÍRA 2019

Aðalfundur ÍRA árið 2019 var haldinn laugardaginn 16. febrúar í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf eftir lögum félagsins.

Skv. gestabók mættu 35 manns. Það voru:

Anna Henriksdóttir	TF3VB
Ari Jóhannesson	TF1A
Ágúst H. Bjarnason	TF3OM
Ársæll Óskarsson	TF3AO
Bernhard Svavarsson	TF3BS
Birgir Thomsen	TF1BT
Bjarni Sverrisson	TF3GB
Eiður Kristinn Magnússon	TF3-071
Georg Magnússon	TF2LL
Guðmundur Ingi Hjálmtýsson	TF3IG
Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Guðrún Hannesdóttir	TF3GD
Haraldur Þórðarson	TF8HP
Haukur Konráðsson	TF3HK
Haukur Þór Haraldsson	TF3NA
Heimir Konráðsson	TF1EIN
Hinrik Vilhjálmsen	TF3VH
Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY
Jón Björnsson	TF3PW
Jónas Bjarnason	TF3JB
Kristján Benediktsson	TF3KB
Mathías Hagvaag	TF3MH
Njáll Hilmar Hilmarsson	TF3NH
Oddur Vilhjálmsen	TF3VO
Óskar Sverrisson	TF3DC
Sigurbjörn Bjarnason	TF3SB
Sigurður Óskarsson	TF2WIN
Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA
Vilhjálmur Sigurjónsson	TF3VS
Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX
Wilhelm Sigurðsson	TF3AWS
Þorvaldur Bjarnason	TF3TB
Þór Þórisson	TF1GW
Þórður Adolfsson	TF3DT
Ölvir Sveinsson	TF3WZ



Mynd frá aðalfundi ÍRA fyrir árið 2019 sem haldinn var 16. febrúar. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Fundardagskrá skv. 19. gr. laga ÍRA:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn fundarritari.
3. Könnuð umboð.
4. Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.
5. Formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
6. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
8. Lagabreytingar.
9. Stjórnarkjör.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.

Formaður, Jónas Bjarnason TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Hann lagði til að fundarstjóri yrði Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS og fundarritari yrði Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA. Þessar tillögur voru samþykktar með lófataki.

TF3VS tók þá við fundarstjórn og TF3UA við fundarritun. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan enda var til hans boðað skv. lögum félagsins. Fundarstjóri minntist látins félaga, Reidars J. Óskarssonar, TF8RO og risu menn úr sætum til að minnast hans. Þá kannaði fundarstjóri umboð og hafði eitt borist. Þar veitti Elín Sigurðardóttir, TF2EQ Önnu Henriksdóttur, TF3VB umboð til að greiða atkvæði fyrir sína hönd á fundinum.



Jónas Bjarnason TF3JB flutti skýrslu um starfsemi félagsins 2018/19. Skýrslan, sem lögð var fram á prentuðu formi á fundinum er alls 136 blaðsíður að stærð. Hann þakkaði stjórnar- og embættismönnum félagsins, svo og félagsmönnum frábært samstarf og stuðning á starfsárinu. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.



Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður flutti reikninga félagsins fyrir árið 2018. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Engar athugasemdir höfðu komið fram um fundargerð seinasta aðalfundar. Þá var gengið til 5. dagskrárliðar.

5. Skýrsla formanns var birt í löngu litprentuðu riti. TF3JB formaður flutti skýrsluna. Hann þakkaði félagsmönnum góðar móttökur nýrrar stjórnar og fyrir mikla aðsókn í félagsheimilið. Þetta hefur krafist breytinga á fundarsal félagsins sem rúmar nú um 40 manns. Útgáfa CQTF er í blóma og höfðu menn orð á því að CQTF væri orðið efnismeira en QST. Nýr turn með nýjum rótor og nýju loftneti var reistur í nóvember og er aðkoma að félagsheimilinu orðin afar tignarleg. Georg Magnússon, TF3LL gaf loftnetið og turninn og Ólafur B. Ólafsson, TF3ML „harðlínu-kóax“. Var þeim félögum þakkað með lófataki. Meiri tíðniheimildir hafa fengist, þ. á m. 4 m bandið og á árinu tókst að fá leyfi fyrir almennri kalltíðni bandsins. Góð samskipti eru við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS). TF3ML hefur sett upp radióvita á 4 m og 6 m. Próf var haldið 26. maí og stóðust 9 manns. Stefnt er að því að halda námskeið til undirbúnings amatørprófs í október á þessu ári. Útileikarnir voru haldnir og voru gefin verðlaunaskjöl og verðlaunaplattar. Útileikarnir verða 40 ára á þessu ári. VHF leikarnir hafa gengið í endurnýjum lífdaga og Páskaleikar á VHF/UHF eru nýr viðburður. Formaður þakkaði góða mætingu og gott starfsár og lauk þar með máli sínu.

Haraldur Þórðarson, TF8HP tók til máls. Hann þakkaði frábæra skýrslu og starfsár. Hann var sérstaklega ánægður með að embætti ungmennastjóra hafi verið stofnað. Taldi að tengingu félagsins við unglinga hafi verið ábótavant. Hann taldi embættið vel skipað með Elínu, TF2EQ.

6. Aðrir embættismenn gáfu nú skýrslu sína. Formaður prófnefndar, Vilhjálmur Þór Kjartansson,

TF3DX fékk orðið. Hans skýrsla lá fyrir fundinum. Níu tóku prófið þ. 26. maí 2018. sjö náðu einkunn til G-leyfis og tveir til N-leyfis. Þór Þórisson, TF1GW hélt próf í fjarskiptareglum. Mikil gróska hefur verið í námskeiðahaldi. Námskeiðahald er þó ekki forsenda fyrir því að próf verði haldið. Menn geta tilkynnt sig til prófs hvenær sem er til PFS.

QSL stjóri Mathías Hagvaag, TF3MH tók til máls. QSL kortum hefur fækkað, og vógu þau um 13 kg sl. ár sem er umtalsvert minna en áður, líklega vegna skilyrða. Gjaldið var hækkað örlítið.

Viðurkenningaskjalastjóri, TF5B sendi fundinum kveðjur.

7. Gjaldkeri, Einar Kjartansson, TF3EK var erlendis og kynnti varaformaður, Óskar Sverrisson, TF3DC reikningana. Fleiri félagsmenn greiddu árið 2018 en árið 2017. Afgangur var 469 þús. kr. Engar skuldir hvíla á félaginu en það á eignir á formi tækja um 2,5 mkr. Heildareignir eru að andvirði um 3,8 mkr. Nú er almanaksárið fjárhagsár ÍRA. Innstæður kr. 1200 þús. 158 félagar greiddu gjöld en 24 félagar eru á skuldalista. 109 greiða 6500 kr. sem er hærri gjaldið. Fjárfest var fyrir um 400 þús. Rótor, tengibox fyrir magnara, aflgjafar og hátalarar.

TF3HP taldi þrífakostnað of háan og að samstarfið við Odd kosti of mikið. Hann taldi að kominn væri tími til að setja Oddi stólinn fyrir dyrnar. Formaður benti á að af 10 þús. kr. mánaðarlega fari 5000 kr. til þrifa og 5000 kr. til Securitas fyrir öryggisvöktun.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

8. Lagabreytingar. Engar hafa borist svo að liðurinn fellur niður.

Nú var tekið stutt kaffihlé sem varð um 20 mín. langt.



Haraldur Þórðarson TF8HP þakkaði stjórn góð störf í þágu félagsins og var mjög ánægður með nýjan ungmennafulltrúa ÍRA.

9. Stjórnarkjör.

Fyrst var kosið um formann. TF3JB gaf kost á sér áfram og var klappað fyrir honum. Tveir stjórnarmenn til tveggja ára, TF3NE og TF3EK hafa lokið sínum tveimur árum. Stungið var upp á Jóni Björnsyni, TF3PW og Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS. Var klappað fyrir þeim. Sem varamönnum var stungið upp á Heimi Konráðssyni, TF1EIN og Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA. Klappað var fyrir þeim.

10. Skoðunarmenn reikninga hafa verið Yngvi Harðarson, TF3Y og Haukur Konráðsson, TF3HK. Þeir voru endurkjörnir með lófataki. Klappað var fyrir TF3VS sem varamanni við endurskoðun.

11. Ákvörðun árgjalds. Lagt var til að árgjaldið verði óbreytt 6500 kr. sem var samþykkt.

12. Önnur mál.

Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN og Kristján Benediktsson, TF3KB óskuðu eftir að taka til máls. TF2WIN spurði um samband ÍRA og HR vegna námskeiðahalds. TF3JB svaraði því að árið 2009 lokaðist á samstarf við HÍ. TF3DX gekkst fyrir því að fá samning við HR. Sú samvinna hefur verið mjög til góða fyrir ÍRA sem þakkar HR samstarfið.

Kristján Benediktsson, TF3KB þakkaði stjórninni góð störf og sagðist vera stoltur af félaginu. Birgir Thomsen, TF1BT tók til máls og þakkaði góðar upplýsingar á heimasíðu og víðar á netinu. Það er dýrmætt fyrir þá sem búa utan Reykjavíkursvæðisins.

TF3VB lýsti ánægju sinni með meiri snyrtimennsku í félagsaðstöðunni, sem komið hefur fram á sl. ári. Ein planta hefur breytt miklu og vonast hún til framhalds á snyrtimennskunni.

Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS sagðist vilja fá CQTF prentað. Hann taldi að best væri að menn gætu borgað það sérstaklega. TF3DX tók undir það. TF3UA taldi það verða fyrsta naglann í líkkistu CQTF.

Ekki voru fleiri önnur mál, borin fram. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og gaf formanni orðið.

Formaður tók til máls og þakkaði traust fundarmanna.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 14:21.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA
Fundarritari



Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX formaður prófnefndar flutti skýrslu nefndarinnar. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB

Skýrsla formanns Prófnefndar til aðalfundar ÍRA 2019

24. gr. Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann. (Úr lögum ÍRA).

Próf Í framhaldi af námskeiði ÍRA, sem hófst 14. mars, hélt Prófnefnd próf í raffræði og radiótækni til N og A leyfis í HR þann 26. maí 2018.

Alls tóku 9 prófð, 7 náðu einkunn til A-leyfis og 2 til N-leyfis, enginn féll. Þriðjungur (33%) fengu einkunnina 9,0 eða hærra.

Jafnframt var haldið próf í fjarskiptareglum í umsjón Þórs Þórissonar, TF3GW, að vanda.

Formaður ÍRA hafði samráð við Prófefnd um hugsanleg próf í tengslum við auglýst námskeið s.l. haust og aftur nú í vor. Sem endranær tók nefndin vel í það en eftirspurn eftir námskeiðunum reyndist of lítil.

Prófnefnd minnir á að námskeið eru ekki óhjákvæmlega forsenda þess að próf séu haldin.

Í 5. gr. “Reglugerðar um starfsemi radióáhugamanna” segir:

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radióáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin.

Endanleg ákvörðun um hve marga þátttakendur þarf til að próf sé haldið er í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar.

14. febrúar 2019
Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX

Ársreikningur ÍRA fyrir starfsárið 2018

Tekjur	2018	2017
Innborguð félagsgjöld	884.000	760.500
Innborguð námskeiðsgjöld	120.000	334.000
Aðrar tekjur	1.838	4.676
Samtals tekjur	<u>1.005.838</u>	<u>1.099.176</u>

Gjöld		
Þrif og rekstur félagsheimilis	152.654	72.434
IARU aðildargjald	24.787	25.656
Kostnaður vegna félagsstöðvar	33.586	77.013
Kostnaður vegna námskeiðs	140.735	174.249
Fundir, IARU og NRAU		119.129
Útileikar	22.400	
Kaffi og fundarkostnaður	2.686	38.758
Leiga fyrir pósthóf	11.990	10.990
Aðalfundur	20.000	
Tölvukostnaður	23.325	39.772
Tryggingar	8.838	18.247
CQ TF	76.965	
Bankakostnaður	18.524	16.395
Samtals gjöld	<u>536.490</u>	<u>592.643</u>

	31.12.2018	31.12.2017
Eignir		
Bankainnistæða í byrjun tímabils	1.220.660	1.175.514
Tekur umfram gjöld	469.348	506.533
Tækjakaup: rótor og aflgjafar.	-406.627	-461.387
Bankainnistæða í lok tímabils	<u>1.283.381</u>	<u>1.220.660</u>
Félagstöð, áhöld og tæki samkvæmt eignaskrá	2.571.882	2.706.569
Eignir samtals	<u>3.855.263</u>	<u>3.927.229</u>

Höfuðstóll		
Höfuðstóll frá fyrra ári	3.927.229	3.981.991
Tekjur umfram gjöld	469.348	506.533
Afskriftir tækja, 20%	-541.314	-561.296
Skuldir		
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.855.263</u>	<u>3.927.228</u>


Til stjórnar og félaga í Íslenskum Radíóamatörum, ÍRA:

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga ÍRA höfum yfirlit ársreikning félagsins fyrir fjárhagsárið 2018.


Við höfum kannað að eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru til staðar og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 5. febrúar 2019

Haukur Konráðsson, TF3HK



Yngvi Harðarson, TF3Y





Kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019

Jónas Bjarnason, TF3JB

Samantektin tekur til HF stöðva á markaði fyrir radióamatöra vorið 2019.¹ Verkefnið er einkum unnið með þá leyfishafa í huga sem eru í kaughugleiðingum en nýttist jafnframt þeim sem eru áhugasamir um tækin og tæknina og vilja fylgjast með.

Markmiðið er að gefa heildarmynd af markaðnum. Í því skyni eru tækin flokkuð eftir verði. Annars vegar er sýnt innkaupsverð í erlendri mynt og hins vegar verð í íslenskum krónum með flutningskostnaði til landsins að viðbættum virðisaukaskatti og öllum gjöldum.

Markaðurinn var greindur miðað við stöðuna 20. mars 2019. Til hliðsjónar er erindi sem undirritaður flutti í Skeljanesi 28.2.2019 um sama efni og fyrri samantektir sem birst hafa í CQ TF.²

1. Forsendur

Í þessari samantekt eru eingöngu teknar með HF stöðvar sem eru seldar tilbúnar (samsettar), en ekki stöðvar sem eru í boði ósamsettar. Stöðvar sem teknar eru til umfjöllunar þurfa að *lágmarki* að uppfylla 5 atriði:

- (1) Vera almennt fáanlegar á markaði *eða* að verð liggi fyrir (ef þær eru væntanlegar).³
- (2) Vera fáanlegar samsettar.
- (3) Geta unnið a.m.k. á 80–10 metrum.
- (4) Vera a.m.k. búnar 5W sendi.
- (5) Vera a.m.k. hæfar til notkunar á CW og SSB.

Gengisviðmiðun er samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands (sölugengi) 20.3.2019. Gengi er 117,35 krónur fyrir dollar; 155,35 krónur fyrir breskt pund; og 133,27 krónur fyrir evru.

Leitað var að hagkvæmustu verði í sérhæfðum netverslunum erlendis⁴ og var könnun gerð á verði í Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi. Eingöngu voru valin fyrirtæki sem staðfest er að stundi útflutning. Þegar innkaupsverð er svipað í

tveimur löndum getur hagkvæmur flutningskostnaður ráðið vali á innkaupslandi. Við val á flutningskostnaði telst réttlætanlegt (ef verðmunur er umtalsverður) að velja ódýrari kost, svo fremi sem flutningstími fer ekki umfram 4 vikur.

2. Markaðurinn

Samantektin leiðir í ljós, að 15 framleiðendur eru á markaði í dag sem bjóða alls 52 gerðir HF stöðva. Það eru: AeroStream, Alinco, Apache Labs, Ariel-51, Elad Eletronica, Elecraft, Expert Eletronics, Flex-Radio, Hilberling, HobbyPCB, Icom, JVC Kenwood, LNR Precision, QRPver Electronics og Yaesu Musen.

Yaesu býður mest úrval eða 10 gerðir stöðva, Icom 8, JCV Kenwood 6, Expert 6, FlexRadio 5, Elecraft 4, Apache Labs 4, en aðrir framleiðendur færri.

Framleiðendur hafa aðalstöðvar í alls 6 þjóðlöndum: Bandaríkjunum (5), Indlandi (1), Ítalíu (1), Japan (4) Rússlandi (1), Úkraínu (1) og Þýskalandi (2).

Að þessu sinni var ákveðið að taka ekki með HF stöðvar frá kínverskum framleiðendum. Á netinu eru í boði a.m.k. 4–5 mismunandi gerðir HF QRP stöðva frá Kína sem falla undir þær forsendur sem settar eru í þessu verkefni. Tegundir (og gerðir) eru m.a. Ailunce (HS-1), Recent (RS-918SSB og RS-928) og Xiegu (X-5105). Þess má geta til viðbótar, að MFJ Enterprises, Inc., tók á síðasta ári við dreifingu á framleiðslu Xiegu í Bandaríkjunum.

3. Framleiðendur; framboð og nýjungar

Hér á eftir er stutt yfirferð um markaðinn þar sem fjallað er hvern hinna 15 framleiðenda. Fjallað er um nýjungar og upplýsingar um framleiðsluna. Umfjöllun er í stafrófsröð eftir framleiðendum.

3.a AeroStream Communications

AeroStream fyrirtækið er í Colorado í Bandaríkjunum. Það vakti athygli á meðal radióamatöra þegar þeir markaðssettu nýtt SDR viðtæki árið 2013,

1 HF stöðvar radióamatöra. Hér er átt við sendi-/móttökustöðvar sem vinna í stuttbylgjusviðinu (3-30 MHz). Margar bjóða einnig upp á tíðniyfirferð á 50, 70 og jafnvel 144 MHz.

2 CQ TF: 1. tbl. 2018; 4. tbl. 2012; 1. tbl. 2011; 4.tbl. 2009; 4. tbl. 2008 og 3. tbl. 2007.

3 Stöðvar þurfa að vera á markaði eða að staðfest sé að þær verði markaðssettar á árinu og við hvaða verði.

4 Undantekning eru Icom IC-7300 og 7610 sem fengist hafa hjá FAJ í Garðabæ sem hefur söluumboð fyrir Icom hérlandis.



CommRadio CTX-10 frá AeroStream Communications í Colorado.

CommRadio CR-1, sem vinnur óháð tengingum við tölvu. Hvorutveggja kom til, tæknileg geta og nýstárlegt útlit. Síðar kom viðtækið CR-1a sem einnig varð vinsælt og nær yfir sama tíðnisvið, 0.5–30 MHz, 64–260 MHz og 437–512 MHz.

Í fyrra (2018) bættist við ný 10W SDR HF stöð, CommRadio CTX-10. Hún vinnur á 80–10 metrum og er með innbyggðar hleðslurafhlöður og hleðslutæki. CTX-10 er ein af fáum QRP stöðvum sem er með innbyggða loftnetsaðlögunarrás. AeroStream fyrirtækið (áður þekkt sem NavRadio Communications) byggir á meir en 20 ára þróun í fjarskiptum og SDR vinnu.

3.b Alinco

Alinco býður tvær gerðir af HF stöðvum, DX-SR8E/T og DX-SR9E/T. Bókstafirnir E eða T tákna Evrópumarkað (E) og Bandaríkjamarkað (T). Munurinn er, að fyrir Bandaríkjamarkað koma stöðvarnar QRV á 60 metra bandinu. SR8 og SR9 vinna á 160–10 metrum með stjórnborð sem búið er stórum LCD skjá og innbyggðum hátalara sem kastar hljóði beint fram. Framhlið er frátengjanleg þegar keyptur er EDS 17 aukabúnaður.



Alinco DX-SR8E/T er ódýrasta 100W HF stöðin; kostar 81 þús. krónur komin til Íslands með öllum gjöldum.

Alinco frumsýndi DX-SR9 stöðina á Tokyo Ham Fair sýningunni 2012; hún kom á markað ári síðar. SR9 hefur sama útlit og SR8 – og ef ekki væri fyrir mismunandi heiti sem eru stimpluð á stöðvarkassana væri ekki hægt að átta sig á hvor væri hvað. SR9 hefur umfram SR8, að hún býður upp á tengimöguleika við

tölvu sem veitir aukna möguleika við stjórn hennar. Sækja má ókeypis hugbúnað á heimasíðu framleiðandans á netinu.

Alinco DX-SR8A/T er ódýrasta 100W SSB/CW HF stöðin á markaði í dag og kostar 81 þúsund krónur komin til landsins með öllum gjöldum.

3.c Apache Labs

Apache Labs býður fjórar gerðir HF stöðva sem allar hafa 6 metrana. Þrjár eru búnar 100W sendi í 7000 línu fyrirtækisins, en flaggskipið Anan-8000DLE, hefur 200W sendi. Þegar 7000DLE stöðin var uppfærð í 7000DLE-II útfærslu, voru tvær nýjar stöðvar markaðssettar í sömu línu með innbyggðri tölvu og Windows stýrikerfinu. Í boði er val á milli i5 og i7 örgjörva.



Anan DLE-7000 II er stílhrein og ódýrust frá Apache Labs.

Anan stöðvarnar þurfa tölvutengingar við og utan- aðkomandi aflgjafa (nema 7000DLE-II i5 og i7). Fyrir þá sem hins vegar hafa áhuga á hefðbundinni ásýnd fjarskiptastöðvar (í stað skjás og tölvumúsar) er í boði PiHPSDR sérhannað stjórnborð frá Anan (sjálfstætt standandi) með hefðbundnum tökkum og 7“ snertiskjá í lit.

Apache labs var stofnað 2012 í Gurugam, sem er í útjaðri Nýju Delhi á Indlandi. Annar stofnenda er Neeraj, VU2NTT. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og frá upphafi hefur verið lögð áhersla á þróun og framleiðslu fjarskiptatækja sem nýta SDR tæknina. Öndvert við aðra framleiðendur, leggur Apache alfarið áherslu á svokallaðan „frjálsan hugbúnað“ (e. *Open Source Software*). Stöðvarnar eru því seldar án hugbúnaðar, sem einfaldlega er sóttur á netið.

3.d Ariel-51

Ariel-51 vörumerkið hefur einkum verið þekkt á meðal radióamatöra hingað til fyrir framleiðslu og markaðssetningu loftneta, þ.á.m. léttra og einfaldra ferðaloftneta. Haustið 2018 kynntu þeir hins vegar til sögunnar nýja SKY-SDR sendi-/móttökustöð sem er sú fyrsta frá Ariel-51. Bönd eru frá 160–10M+50 MHz og sendiafl er 5W. Stöðin er búin LCD skjá til aflestrar.



SKY SDR QRP stöðin frá Ariel-51 hefur vakið athygli og notið velgengni á markaði um allan heim.

Ariel-51 fyrirhugar að markaðssetja nýja stöð í vor (2019) sem hefur nafnið ALT-512. Hún er einnig QRP stöð og hefur sömu tíðniyfirferð og SKY-SDR, nema að við bætast 70 MHz. Til viðbótar hefur hún 4,5“ litaskjá og aukna tæknimöguleika, en verður dýrari. Ariel-51 fyrirtækið er í eigu Appello-Funk GmbH sem er staðsett skammt frá Kiel í Þýskalandi. Þeir radióamatörar eru bakhjarlar, þeir LZ2TU, RA9YTJ og LZ1JY.

3.e Elad Elettronica

Elad hefur lengst af verið þekkt fyrir framleiðslu vandaðra SDR viðtækja. Árið 2013 settu þeir hins vegar SDR QRP stöð á markað, Elad FDM-DUO. Stöðin er búin 5W sendi og hefur náð vinsældum á meðal kröfuharðra radióamatöra. Hún þykir vönduð af allri gerð og vinnur á HF og 6 metrum.



FDM-DUO HF SDR stöðin frá Elad þykir vönduð, fær góða dóma og er vinsæl á meðal radióamatöra.

Elad býður aukahluti í stíl, m.a. DUO ART RF magnarana, sem eru 60W og 120W. Þeir eru að auki með innbyggðum aflgjafa og formagnara. Nýjasta afurðin TM-2 stjórnborð fyrir FDM-DUO, sem m.a. er útbúin með VFO stjórnbúnaði.

Franco, IU3ADL stofnaði Elad Elettronica á Ítalíu árið 1990. Hann er aðalhönnuður og eigandi. Fyrirtækið hefur m.a. notið nálægðar við háskólana í Udine og Trieste hvað varðar nýsköpun og þróun SDR tækninnar.

3.f Elecraft

Elecraft í Kaliforníu í Bandaríkjunum býður átta gerðir HF stöðva fyrir radióamatöra. Fjórar þeirra eru í boði samsettar:

KX2 80–10M, 10W;

KX3-F 160–10M+6M, 10W;

K3S/10-F 160–10M+6M, 10W; og

K3S/100-F 160–10M+6M, 100W.



Myndin er af KX3 og KX2 stöðvunum frá Elecraft. Þær eru hér sýndar saman til fróðleiks. Nokkur verðmunur er á stöðvunum þótt báðar hafi 10W sendi, en KX3 hefur m.a. 160 og 6 metra böndin umfram KX2

KX2 er nýjasta afurð Elecraft í HF stöðvum og kom á markað árið 2016. Til samanburðar kom KX3 á markað 2011. Þess má geta að fyrirtækið hefur boðið leyfishöfum sem eiga eldri K3 stöðvar (sem komu fyrst á markað 2007) að kaupa uppfærslur til að gera þær sambærilegar við K3S stöðina sem kom á markað árið 2015. Elecraft býður m.a. RF magnarana KPA-500 og KPA-1500, en 1500W magnarinn kom nýr á markað í fyrra (2018).

Elecraft var stofnað af N6KR og WA6EEQ í Aptos í Kaliforníu í Bandaríkjunum 1998. Fyrirtækið hélt upp á 20 ára afmælið í fyrra.

3.g Expert Electronics

Expert Electronics fangaði athygli radióamatöra þegar fyrirtækið kynnti SunSDR MB1 flaggskipið árið 2015. MB1 er vegleg SDR heimastöð fyrir 160–10 metra böndin, auk þess að hafa 2 og 6 metrana. Sendi-afl er 100W á HF og 50W á VHF. MB1 er m.a. búin 7“ snertiskjá í lit.



EXpert SunSDR MB1 stöðvarnar þykja með glæsilegri heimastöðvum og eru nú boðnar í þremur útgáfum með Windows stýrikerfinu.

Frá því MB1 kom fyrst á markað, hefur Expert uppfært hugbúnaðinn með innsetningu örgjörva fyrir Windows stýrikerfið (líkt og Apache Labs) og sett á markað til viðbótar tvær öflugri stöðvar.

Í dag er framboðið eftirfarandi:

SunSDR MB1 i5-6400T örgjörvi, 8GB vinnslu-
minni og 120GB harður diskur.

SunSDR MB1 i7-7600T örgjörvi, 16 GB vinnslu-
minni og 500GB harður diskur.

SunSDR MB1 i7-7700T örgjörvi, 32 GB vinnslu-
minni og 1TB harður diskur.

Expert býður að auki þrjár 20W SDR stöðvar sem allar notast með tölvu og ná yfir 160–10 metra böndin, auk 6 og 2 metra. Til viðbótar er 5W SunSDR2 QRP SDR stöð sem hefur 160–10 metrana, auk 6 metra bandsins.

Expert Electronics var stofnað árið 2009 og sérhæfir sig í SDR lausnum fyrir notendur fjarskipta, þ.á.m. radióamatöra. Fyrirtækið er staðsett í Rostov sem er í um 200 km fjarlægð frá Moskvu. Framleiðsla fyrirtækisins er m.a. seld í Evrópu í gegnum vefsíðu Pileup Communications AB í Stokkhólmi og vestanhafs hjá NSI Communications í Washington.

3.h FlexRadio Systems

Í nokkurn tíma hefur FlexRadio Systems gengið í gegnum töluverðar breytingar í framleiðslu og fram-



6400M stöðin frá FlexRadio Systems. Stöðvarnar í nýju 6400 línunni hafa gengið vel á markaði enda tæknilega vel búnað og seldar við hagstæðu verði.

boði stöðva fyrir radióamatöra. Flex „sýndi“ okkur inn í framtíðina hjá fyrirtækinu hvað varðar væntanlegar HF SDR stöðvar á Dayton Hamvention í maí í hitteðfyrri (2017). Flex hefur síðan staðið við loforð til radióamatöra um „nýtt“ framboð HF stöðva, því 4 af 5 stöðvum þeirra á markaði í dag eru nýjar.

Þetta eru stöðvarnar: Flex 6400, 6400M, 6600 og 6600M. Flaggskipið 6700 er eina stöðin sem áfram er í boði af eldri framleiðslu. Flex 6400, 6600 og 6700 þurfa utanaðkomandi tölvu og skjá, en 6400M og 6600M eru ekki háðar utanaðkomandi tölvu. Fyrir þá leyfishafa sem vilja njóta SDR tækninnar með ásýnd hefðbundinnar fjarskiptastöðvar (þ.e. í stað skjás og tölvumúsar) er í boði Flex Maestro, sérhannað stjórnborð með 8“ litaskjá.

FlexRadio Systems var stofnað árið 2003 af Gerald, K5SDR. Aðalstöðvar fyrirtækisins eru í Texas í Bandaríkjunum.

3.i Hilberling

Hilberling GmbH byrjaði árið 1974 að markaðssetja viðtæki fyrir radióamatöra, en fyrsta sendi-/móttöku-stöðin frá þeim var Hilberling MT-80/20, sem kom á markað 1977. Í dag býður fyrirtækið HF stöðina PT-8000A-II sem vinnur á 160–10 metrum og 2, 4 og 6 metrum. Sendirinn er 200W á HF en 100W á VHF. PT-8000A-II er dýrasta HF stöðin sem er í boði fyrir radióamatöra á markaði.



Hilberling PT-8000A-II er afar glæsileg heimastöð. Hún er af mörgum talin „fegurst“ slíkra stöðva. Hún er boðin í þremur litum; gráum, vínrauðum og bláum eins og stöðin á myndinni. PT-8000A-II er dýrust stöðva í samantektinni og kostar yfir 2,2 milljónir króna komin til landsins með öllum gjöldum.

Hans Hilberling, DK7LG, stofnandi og eigandi fyrirtækisins endurmarkaðssetti stöðina sem PT-8000A-II árið 2014 og er hún í dag í sölu um allan heim, þ.m.t. í Bandaríkjunum. Fyrirtækið framleiðir fleiri vörur fyrir radióamatöra, m.a. HPA-8000B, sem er 1kW RF magnari.

3.j HobbyPCB

Fyrirtækið hefur verið best þekkt á meðal radióamatöra fyrir framleiðslu margskonar aukahluta, þ.á.m. „Hardrock 50“ RF magnarann sem hefur getið sér gott orð og í seinni tíð, RS-HFIQ sem er 5W HF

QRP stöðina sem seld er ósamsett líkt og RF magnarinn.



Nýja IQ32 stöðin frá HobbyPCB í Florida hefur fengið skínandi góða dóma og strax náð fötfestu á markaði QRP stöðva fyrir radióamatöra.

Nýja IQ32 HF SDR QRP stöðin þeirra hefur vakið athygli frá því áður en hún kom á markað nokkru fyrir áramótin 2018/19, hvorutveggja fyrir tæknilega getu og hagkvæmt verð. Þetta er 5W stöð fyrir tíðnisviðið frá 80–10 metra og er m.a. búin 3,2“ litaskjá sem jafnframt er snertiskjár. HobbyPCB hefur aðsetur í Clearwater í Florida í Bandaríkjunum. Það eru þrír radióamatörar sem standa að baki fyrirtækinu, þeir KI4SXB, WA2EJ og KB1MTS.

3.k Icom

Icom IC-7300 SDR HF stöðin er enn „stjarnan sem skín sterkast“ af HF tækjum á markaði fyrir radióamatöra. Svo hefur verið í raun allt frá því hún kom fyrst á markað í apríl 2016, enda hafa radióamatörar hafa ekki í annan tíma ekki fengið „jafn mikið“ í einni stöð við jafn hagstæðu verði. Nú, þremur árum síðar er IC-7300 enn mest selda stöðin hjá verslunum Ham Radio Outlet (HRO) í Bandaríkjunum – en HRO er stærsta fyrirtæki sem selur tæki og búnað til radióamatöra í heiminum.

Sigurganga IC-7300 á markaði hefur því varað í 3 ár. Stöðin var, sem dæmi, þegar á síðasta ári orðin



Icom IC-7300 er mest selda stöðin fyrir radióamatöra á markaði enda hafa menn í annan tíma ekki fengið „jafn mikið“ í einni stöð við jafn hagstæðu verði.

mest selda amatörstöðin frá upphafi hér á landi. Höfundi telst svo til að í lok árs 2018 hafi alls yfir 70 eintök borist til landsins.

Ánægja radióamatöra með IC-7300 gerði væntingar miklar til næstu SDR stöðvar frá fyrirtækinu, IC-7610 sem kom á markað í ársbyrjun 2018. Þótt ekki sé við að búast jafn gríðarlegri sölu í eintakafjölda á 7610 og 7300 (enda verðmunur nær 2,5 faldur) er ljóst, að hún hefur þegar selst vel. Þótt Icom hafi fengið mjög mikla umfjöllun um nýju SDR stöðvarnar, býður fyrirtækið jafnframt breiða línu hefðbundinna HF stöðva. IC-718 er ódýrust, kostar 99 þúsund krónur (með öllum gjöldum). Sú stöð hefur verið á markaði (með uppfærslum) í tvo áratugi, eða frá árinu 1999.

Icom var stofnað af Tokuzo Inoue, JA3FA, árið 1954. Aðalstöðvar fyrirtækisins eru í Osaka í Japan. Framleiðslan fer að stærstum hluta fram í Wakayama, í um 60 km fjarlægð. Ólíkt öðrum japönskum framleiðendum, fer öll framleiðsla Icom fram í Japan.

3.l JVC Kenwood

Kenwood býður radióamatörum sex HF stöðvar á markaði: TS-480HX, TS-480SAT, TS-590SG, TS-890S og TS-990S, auk TS-2000 sem nær yfir 160–10 metra, 6 metra, 2 metra og 70 cm böndin. Sú stöð getur einnig unnið á 23cm bandinu (með UT-20 aukabúnaði). TS-890S er nýjasta HF stöðin frá fyrirtækinu. Þetta er vönduð heimastöð sem kom á markað seint á árinu 2018 og svipar nokkuð til flaggskipsins, TS-990S í útliti.



Nýjasta stöðin frá JVC Kenwood er TS-890S. Henni svipar til flaggskipsins TS-990S, en er ódýrari. Hún er m.a. búin 4 metra bandinu

Skýring á heiti fyrirtækisins „JVC Kenwood“ er sú, að fyrir 11 árum (2008) keypti Victor Company of Japan (JVC) öll hlutabréf í Kenwood og forðaði fyrirtækinu þar með frá gjaldþroti og var rekstur sameinaður undir nafninu JVC Kenwood Corporation. Aðalstöðvarnar eru í Yokohama í Japan. Framleiðsla fyrirtækisins er að hluta til enn í Japan, en framleiðsla HF stöðva fyrir radióamatöra var færð að stærstum hluta til Malasíu og Singapore fyrir sex árum.

3.m LNR Precision, Inc.

LNR hefur lengst af verið þekkt meðal radióamatöra fyrir framleiðslu á Par EndFedz loftnetunum sem hafa líkað vel. Frá árinu 2016 hafa þeir hins vegar boðið SDR stöðina LD-11, sem er 5–8W QRP stöð og vinnur á 160–10 metrum og 6 metrum. LNR býður reyndar fleiri QRP stöðvar, t.d. LD-5 (á 40–15 metrum) og Mountain Topper MTR4B (á 80–20 metrum). Þær eru eingöngu seldar ósamsettar.



LD-11 frá LNR, skemmtileg hönnun á QRP stöð á HF+6 metrum.

LNR Precision, Inc., var stofnað árið 2011 og er í eigu Larry, AE4LD, sem býr yfir langri reynslu í þróun og framleiðslu fjaraskiptatækja. Fyrirtækið er staðsett í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum.

3.n QRPver Electronics

Minion Mini DC-3001 er nýjasta afurð QRPver í Úkraínu sem hefur vakið athygli fyrir tæknilega getu og hagkvæmt verð. Þetta er 5–9W QRP stöð sem vinnur á 160–10 metrum, á CW, SSB og á stafrænum tegundum útgeislunar. Þeir bjóða reyndar fleiri QRP stöðvar, m.a. eins bands stöðvarnar QRPver-1 v-2 og QRPver-1 v3 (sem eru eingöngu seldar ósamsettar).



Minion Mini DC-3001 frá QRPver er ekki fyrirferðarmikil. Kassinn er 3cm á hæð, 10cm á breidd og 10.3cm á dýpt. Þetta er ódýrasta HF stöðin; kostar 58 þús. krónur.

QRPver Electronics var stofnað árið 2014 og er í eigu nokkurra radióamatöra í borginni Odessa við Svartahafið í Úkraínu. Það er Yuriy, UR5FYG, sem fer fyrir hópnum.

3.o Yaesu

Yaesu er stærsti framleiðandi HF stöðva fyrir radióamatöra og býður 10 mismunandi gerðir í dag. Nýjasta HF stöðin er FTdx101D (100W) sem er vönduð heimastöð. Hún verður einnig boðin sem FTdx101MS í 200W útgáfu, en ekki hefur verið tilkynnt um verð þegar þetta er ritað (í mars 2019).

Næstnýjasta stöð Yaesu á markaði er FT-891 sem er 100W bílstöð fyrir 160–10 metra, auk 6 metra. Hún var sett á markað fyrir þremur árum (2016) og er fyrirferðarminnsta 100W HF stöðin á markaði; stöðvarkassinn er aðeins 5 cm á hæð, 15,5 cm djúpur og 21,8 cm á breidd. Framhlið er frátengjanleg (þegar notaður er YSK-891 aukabúnaður).

Þess má geta til upplýsingar, að Yaesu FT-817ND var uppfærð í FT-818ND í fyrra (2018). Þetta er vel þekkt QRP stöð á HF, með 6 og 2 metrum, auk 70 sentímetra. FT-818ND er óbreytt í útliti en breytingar frá þeirri eldri eru m.a. sendiafl er nú 6W (í stað 5W), TXCO-9 kristalofn er staðalbúnaður, auk stærri hleðslurafhlöðu (1900 mAh).



Nýjasta stöðin á markaði HF stöðva fyrir radióamatöra er Yaesu FTdx101Z (100W) og FTdx101MP (200W). Glæsilega hönnuð heimastöð sem einkum keppir við IC-7610 frá Icom og TS-890S frá JVC Kenwood.

Yaesu býður jafnframt FT-857D sem er 100W á HF og 6 metrum, 50W á 2 metrum og 20W á 70 cm. Stöðin hefur selst vel í gegnum árin og ekki mikið verið uppfærð tæknilega. Hún kom fyrst á markað árið 2002. Þessi stöð er ódýrust á markaði í flokki 100W HF stöðva sem jafnframt bjóða VHF og UHF böndin. Framhlið er frátengjanleg (með YSK-857 aukabúnaði).

Yaesu Musen Ltd., var stofnað árið 1959 í Japan af Sako Hasegawa, JA1MP. Fyrirtækið átti í rekstrarerfiðleikum um árabíl, sérstaklega eftir kaupin á Standard Radio Ltd., 1998. Fyrirtækin voru í framhaldi sameinuð og nafni breytt í Vertex Standard Co., Ltd. Yaesu var síðan forðað frá gjaldþroti 2008 þegar Motorola keypti 80% hlutafjár. Um 4 ára skeið áttu fyrirtækin í sameiginlegum rekstri (e. joint venture). Við breytingu á því rekstrarfyrirkomulagi árið 2012 var nafni fyrirtækisins breytt á ný í Yaesu Musen, Ltd.

4. Markaðurinn í heild

Í meðfylgjandi tveimur töflum er markaðurinn sýndur heildrænt. Í *töflu 1* er stöðvunum skipt í sex flokka eftir verði í íslenskum krónum (þegar flutningskostnaður, virðisaukaskattur og öllum gjöld hér heima hafa verið tekin með í reikninginn). Verðflokkarnir eru:

- (1) Undir 100 þúsund krónum.
- (2) 100–200 þúsund krónur.
- (3) 200–300 þúsund krónur.
- (4) 300–500 þúsund krónur.
- (5) 500 þús. krónur til 1 milljónar króna.
- (6) Yfir 1 milljón króna.



Ódýrasta HF stöðin. QRPver Minion Mini DC-3001. 160-10m, CW, SSB, Digi. Kostar 58 þúsund krónur.



Ódýrasta 100W HF stöðin. Alinco DX-SR8T/E. 106-10m. CW, SSB, AM, FM, Digi. Kostar 81 þúsund krónur.



Minnsta 100W HF stöðin. Yaesu FT-891. 160-10m+6m. CW, SSB, AM, FM, Digi. Stærð: 5,5cm (h), 21,8cm (br), 15,5 (d). Kostar 106 þúsund krónur.



Ódýrasta 100W HF stöðin með VHF og UHF. Yaesu FT-857D. 160-10M+6M+2M+70cm. Kostar 129 þús. krónur.



Ódýrasta HF stöðin með innbyggðri lofinetsaðlögunarrás. Yaesu FT-450D. 160-10M+6M. Kostar 99 þúsund krónur.



Dýrasta HF stöðin í samantektinni. Hilberling PTA-8000-II. 160-10M+6M+4M+2M; 200W. Kostar 2,2 milljónir króna.

Tafla 1. HF stöðvar fyrir radióamatöra í mars 2019, flokkaðar eftir verði (komnar til Íslands)

Framleiðandi	Gerð/upplýsingar	Tíðnisvið/bönd/spenna	Sendiafl, W	Innkv. \$, £, €	Verð, kr (á Íslandi)	Ár
Verð undir 100 þús. krónum						
QRPver	DC-3001	160–10M (13.8VDC)	5–9	\$350	58.000	2018
Alinco	DX-SR8T	HF (13.8VDC)	100	\$468	81.000	2009
HobbyPCB	IQ32	HF (13.VDC)	5	\$529	85.000	2018
Ariel-51	SKY SDR	HF+6M	5	€500	91.000	2019
Alinco	DX-SR9T	HF (13.8DC)	100	\$565	95.000	2014
Yaesu	FT-818ND	HF+6M/2M/70CM (13.8VDC)	6/6/6/6	\$600	95.000	2018
Icom	IC-718 DSP	HF (13.8VDC)	100	\$600	99.000	1999
Yaesu	FT-450D	HF+6M (13.8VDC)	100/100	£482	99.000	2007
100–200 þús. krónur						
Yaesu	FT-891	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$639	106.000	2016
Elecraft	KX2 (án hljóðnema)	80–10M (13.8VDC/raflöður)	10	\$780	121.000	2016
LNR Precision	LD-11	HF+6M (13.8VDC)	5+5	\$795	124.000	2016
Icom	IC-7200	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$800	129.000	2008
Yaesu	FT857D	HF+6M/2m/70CM (13.8VDC)	100/100/50/20	\$800	129.000	2002
JVC Kenwood	TS-480SAT	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$849	137.000	2003
Icom	IC-7100	HF+6M/2M/70CM (13.8VDC)	100/100/50/35	\$860	139.000	2012
AeroStream	CTX-10	80–10M (13.8VDC/raflöður)	10	\$1000	154.000	2018
Icom	IC-7300	HF+6M+4M (13.8VDC)	100/100/50	\$979	157.000	2016
Yaesu	FTdx1200	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$960	163.000	2013
Elecraft	KX3-F (án hljóðnema)	HF+6M/(+2M) 13.8VDC/rafl.	10	\$1100	168.000	2011
Elad	FDM-DUO	HF+6M (13.8VDC)	5	€970	169.000	2013
Expert	SunSDR2 QRP	HF+6M (13.8VDC)	5/5	€990	172.000	2016
JVC Kenwood	TS-480HX	HF+6M (13.8VDC)	200/100	\$1100	174.000	2003
Yaesu	FT-991A	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$1140	181.000	2016
200–300 þús. krónur						
JVC Kenwood	TS-590SG	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$1280	209.000	2014
Yaesu	FTdx3000	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$1380	224.000	2012
JVC Kenwood	TS-2000 (13.8VDC)	HF+6M+2m+70CM+(23CM)	100/100/100/50	\$1400	229.000	2000
Expert	SunSDR2 PRO	HF+6M/2M (13.8VDC)	15/7/7	€1590	273.000	2015
Icom	IC-9100 (13.8VDC)	HF+6M+2M+70CM+(23CM)	100/100/100/70(10)	\$1870	296.000	2010
300–500 þús. krónur						
FlexRadio	6400	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$1999	315.000	2018
Elecraft	K3S/10F (án hljóðnema)	HF+6M (13.8VDC)	10/10	\$2300	349.000	2010
Expert	SunSDR2 Pro Wlan	HF+6M+2M (13.8VDC)	20/8	€2084	355.000	2014
Apac Labs	Anan 7000DLE MK II	HF+6M (13.VDC)	100/100	\$2795	432.000	2018
FlexRadio	6400M	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$3000	462.000	2018
Icom	IC-7610	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$2998	462.000	2018
Elecraft	KS3/100F (án hljóðnema)	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$2900	436.000	2007
500 þús. til 1 milljón króna						
Yaesu	FTdx5000MP Limited	HF+6M (90-264VAC)	200/100	\$3540	549.000	2009
Apache Labs	Anan-7000DLE MKII-i5	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$3695	564.000	2019
Apache Labs	Anan-7000DLE MKII-i7	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$3895	593.000	2019
JVC Kenwood	TS-890S	HF+4M+6M (13.8VDC)	100/100/100	\$3860	595.000	2019
Yaesu	FTdx101D	HF+4M+6M	100/100/100	\$3998	601.000	2019
FlexRadio	6600	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$3999	609.000	2018
Apache Labs	Anan-8000DLE	HF+6M (13.8VDC)	200/200	\$4395	669.000	2017
FlexRadio	6600M	HF+6M+2M (3.8VDC)	100/100	\$5000	755.000	2018
Expert	SunSDR MB1-i5 6400T	HF+6M+2M (100–240VAC)	100/50/50	\$5395	813.000	2015
Icom	IC-7700	HF+6M (85–265VAC)	200/200	\$5859	902.000	2007
Expert	SunSDR MB1-i7 7600T	HF+6M+2M (100–240VAC)	100/50/50	\$6390	959.000	2018
JVC Kenwood	TS-990S	HF+6M (90–264VAC)	200/200	\$6500	983.000	2012
Yfir 1 milljón króna						
FlexRadio	6700	HF+6M (13.8VDC)	100/100	\$5950	1.049.000	2013
Expert	SunSDR MB1-i7 7700T	HF+6M+2M (100–240VAC)	100/50/50	\$7390	1.106.000	2018
Yaesu	FTdx9000D	HF+6M	200/200	\$8999	1.366.000	2005
Icom	IC-7851 (án hljóðnema)	HF+6M	200/200	\$12500	1.862.000	2015
Hilberling	PT-8000A-II (án hljóðnema)	HF+6M+4M+2M	200/100/100/100	€11160	2.239.000	2014

Tafla 2. HF stöðvar fyrir radióamatöra á markaði í mars 2019; yfirlit yfir framleiðendur

Framleiðandi/gerð	Tíðnisvið/bönd	Sendiafl, W	Verð, kr (á Íslandi)	Þyngd, kg	eHam
AEROSTREAM CX-10	80–10M	10	154.000	0.9	n/a
ARIEL-51 SKY SDR	160–10M+6M	5	91.000	0.6	n/a
ALINCO DX-SR8T/E	160–10M	100	81.000	4.1	4.3
DX-SR9T/E	160–10M	100	95.000	4.1	3.9
APACHE LABS Anan-7000DLE MKII	160–10M+6M	100/100	432.000	10.0	5.0
Anan-7000DLE MKII-i5	160–10M+6M	100/100	564.000	10.0	5.0
Anan-7000DLE MKII-i7	160–10M+6M	100/100	593.000	10.0	5.0
Anan-8000DLE	160–10M+6M	200/200	669.000	12.0	5.0
ELAD FM-DUO	160–10M+6M	5	169.000	1.2	4.7
ELECRAFT KX2	80–10M	10	121.000	0.5	4.8
KX3-F	160–10M+6M	10	168.000	0.7	4.8
K3S/10-F	160–10M+6M	10	349.000	3.7	4.3
K3S/100-F	160–10M+6M	100	436.000	4.0	4.3
EXPERT SunSDR2QRP	160–10M+6M	5/5	172.000	0.5	5.0
SunSDR2 PRO	160–10M+6M+2M	20/20/8	273.000	1.5	5.0
SunSDR2PRO/WLAN	160–10M+6M+2M	20/20/8	355.000	1.0	n/a
SunSDR MB1-i5 6400T	160–10M+6M+2M	100/50/50	813.000	9.3	4.7
SunSDR MB1-i7 7600T	160–10M+6M+2M	100/50/50	959.000	9.3	4.6
SunSDR MB1-i7 7700T	160–10M+6M+2M	100/50/50	1.106.000	9.3	4.7
FLEXRADIO Flex-6400	160–10M+6M	100/100	315.000	4.4	4.8
Flex-6400M	160–10M+6M	100/100	462.000	4.4	4.4
Flex-6600	160–10M+6M	100/100	609.000	5.8	4.7
Flex-6600M	160–10M+6M	100/100	755.000	5.8	4.7
Flex-6700	160–10M+6M	100/100	1.049.000	5.9	4.7
HILBERLING PT-8000A-II	160–10M+6M+4M+2M	200/100/100	2.239.000	28.0	4.0
HOBBYPCB IQ32	80–10M	5	85.000	0.7	n/a
ICOM IC-718-DSP	160–10M	100/100	99.000	3.8	4.6
IC-7200	160–10M+6M	100/100	129.000	5.5	4.8
IC-7100	160–10M+6M+4M+2M+70CM	100/100/50/50/35	139.000	2.8	4.3
IC-7300	160–10M+6M+4M	100/100/50	157.000	4.2	4.7
IC-9100	160–10M+6M+2M+70cm+(23cm)	100/100/100/75/(10)	296.000	11.0	4.3
IC-7610	160–10M+6M	100/100	462.000	8.5	4.7
IC-7700	160–10M+6M	200/200	902.000	23.0	4.5
IC-7851	160–10M+6M	200/200	1.862.000	23.5	5.0
JVC KENWOOD TS-480SAT	160–10M+6M	100/100	137.000	3.7	4.8
TS-480HX	160–10M+6M	200/100	174.000	3.7	4.8
TS-590SG	160–10M+6M	100/100	209.000	7.4	4.9
TS-2000	160–10M+6M+2M+70CM+(23CM)	100/100/100/50/(10)	229.000	7.8	4.4
TS-890S	160–10M+4M+6M	100/100/100	595.000	17.0	5.0
TS-990S	160–10M+6M	200/200	983.000	24.5	4.7
LNR PRECISION LD-11	160–10M+6M	5/5	124.000	0.6	5.0
QRPver DC-3001	160–10M	5–9	58.000	0.4	5.0
YAESU FT-818	160–10M+6M+2M+70CM	6/6/6/6	95.000	0.9	n/a
FT-450D	160–10M+6M	100/100	99.000	3.6	4.6
FT-891	160–10M+6M	100/100	106.000	1.9	4.4
FT-857D	160–10M+6M+2M+70CM	100/100/50/20	129.000	2.1	4.5
FTdx1200	160–10M+6M	100/100	163.000	9.5	4.6
FT-991A	160–10M+6M+2M+70CM	100/100/50/20	181.000	4.3	4.0
FTdx3000	160–10M+6M	100/100/50/50	224.000	10.0	4.7
FTdx101D	160–10M+4M+6M	100/100/100	601.000	12.0	n/a
FTdx5000MP LIMITED	160–10M+6M	100/100	549.000	21.0	4.7
FTdx9000D	160–10M+6M	100/100	1.366.000	30.0	5.0

5. Kaup erlendis frá

Í þessum kafla er farið yfir nokkur atriði er varða kaup á fjarskiptastöð erlendis frá. Þessi atriði eru m.a. innkaupsverð, flutningskostnaður, váttryggingar, fyrirkomulag á greiðslum og fleira.

5.1 Verð

Það er gullin regla að kanna *ætið* verð hjá fleiri en einum söluaðila og helst í fleiru en einu landi. Hér kemur til að gengi gjaldmiðla er mismunandi og oft bjóðast tilboð á heimasíðum fyrirtækjanna. Í Bandaríkjunum er t.d. ekki óalgengt að sjá kaupauka sem eru eru auglýstir að fylgi frítt með stöðvunum. Það geta verið aflgjafar, hljóðnemar eða aukahlutir fyrir viðkomandi stöð. Það er reynsla höfundar að þessi almennu tilboð gilda einnig til útflutnings, en ekki má láta undir höfuð leggjast að fá það staðfest.

5.2 Fá tilboð

Þrátt fyrir að netið sé þægilegt í notkun og stanslaust uppfært, þá er því ekki að treysta að öll tilboð séu birt strax. Hér er viðeigandi að hugsa eins og Kínverjarnir sem segja, „Það kostar ekkert að spyrja“ og senda tölvupóst með fyrirspurn og biðja um tilboð. Meta þarf hvort heppilegra sé að hringja, sér í lagi hafi maður séð tiltekna stöð auglýsta ódýrari annarsstaðar. Það er reynsla höfundar að verð sé (nánast) undantekningarlaust jafnað og jafnvel boðið hagstæðara ef vakin er athygli á lægra verði annarsstaðar.

Fyrirtækin svara tölvupóstum yfirleitt fljótt og vel, enda alvanalegt að óskað sé tilboða. Stundum birta fyrirtækin leiðbeiningar á heimasíðum til þarlandra leyfishafa. Í flestum tilvikum getum við nýtt okkur þessar leiðbeiningar og það sem í boði er, en *ætið* er heppilegt er að vera viss fá það staðfest.

5.3 Flutningskostnaður

Flutningskostnaður hefur áhrif á endanlegt verð þar sem hann reiknast sem hluti af tollverði og ofan á það leggst virðisaukaskattur. Brennt hefur mest áhrif á flutningskostnað: Þyngd vöru (þ.m.t. umbúðir), vegalengd (hvaðan vara er send) og flutningstími (hversu mikið liggur á að fá vöruna heim). Stundum eru söluaðilar með hagkvæma samninga við tiltekna flutningssaðila og jafnvel kann að vera boðið val á milli tveggja eða fleiri slíkra, auk mismunandi flutningsleiða. Gæta þarf vel að þessum kostnaðarlið.

5.4 Váttryggingar

Margt getur gerst á flutningsleið til landsins. Það er reynsla höfundar að í flestum tilvikum sé það þess virði að váttryggja nýja stöð á leið til Íslands. Váttrygg-

ingar af þessu tagi eru ekki dýrar og þær má kaupa hér heima. Stundum er þess getið á reikningi að váttrygging sé innifalin. Sjálfsagt er að spyrjast fyrir um skilmála ef ástæða þykir.

5.5 Greiðslur

Nýjar amatörstöðvar geta kostað nokkur hundruð þúsund krónur á innkaupsverði. Hafa þarf í huga að kostnaður er mishár við að koma greiðslu til söluaðila erlendis. Mismunur á almennu gengi og kortagengi getur verið á bilinu 2–4%. PayPal getur líka verið kostnaðarsamur ef greiðandi er látinn bera yfirfærslukostnað. Hér er eindregið mælt með svokallaðri beinni bankayfirfærslu. Hún er í boði í öllum bönkum sem veita leiðbeiningar. Kostnaður við beina yfirfærslu er kannski 1–2 þúsund krónur.

5.6 Tollafgreiðsla

Til þess að tryggja hnökralausa afgreiðslu við tollmeðferð þarf að muna að krossa við í „CE“ reit á tollskýrslu. Ennfremur er að mati höfundar óþarfi sé að kaupa útfyllingu tollskýrslu þar sem í raun er um sárafaár tölur til innsetningar að ræða og sparnaður getur numið 4–5 þúsund krónum.

5.7 Önnur atriði.

- Þótt freistandi sé að hringja beint í söluaðila erlendis og ræða málin í síma og panta strax, er mælt með að nota tölvupóst til staðfestingar á viðskiptum.
- Skrá hjá sér nöfn starfsmanns/starfsfólks sem haft er samband við og varðveita tölvupósta.
- Greiða kaupverð með beinni bankayfirfærslu (nema e.t.v. allra ódýrustu stöðvar).
- Tæki til nota hjá radióamatörum hérlandis þurfa *ekki* að vera CE-merkt.
- Varðveita öll skjöl vegna viðskipta. Stundum getur þurft á þeim að halda síðar, t.d. ef senda þarf stöð út vegna ábyrgðarviðgerðar eða viðgerðar.
- Varðveita umbúðir (kassa) ef hægt er. Það er mjög til þæginda ef senda þarf stöð utan t.d. vegna viðgerðar eða til að skila henni.
- Í öllum tilvikum. Spyrja spurninga frekar *strax*, jafnvel þegar minnsta ástæða er til – í stað þess að giska á hlutina.
- Spyrja íslenska leyfishafa ráða sem hafa reynslu af innflutningi. Flestir taka slíkri málaleitan vel og eru hjálpsamir.

6. Að lokum

Radíóamatörar þurfa nánast undantekningarlaust að panta stöðvar og búnað erlendis frá þar sem hérlandis eru ekki starfræktar sërverslanir fyrir áhugamálið vegna smæðar markaðarins. Fyrir kemur, að mönnum líkar ekki stöð sem pöntuð hefur verið erlendis frá og er komin til landsins. Stundum má leysa málið með því að bjóða hana til sölu og selja innanlands. Og jafnvel getur verið kostur að selja hana til útlanda á netinu (ebay). Þriðji möguleikinn er hreinlega að senda gripinn aftur út og skila til fyrirtækis sem keypt var af. Því fylgir nokkur fyrirhöfn og kostnaður, en það er vissulega hægt. Höfundur hefur sjálfur skilað stöð sem pöntuð var erlendis frá og honum líkaði ekki þegar heim kom.

Best er að losna við fyrirhöfn af þessu tagi. Sumir gera það þannig að kíkja við í verslun (verslanir) fyrir radióamatöra þegar þeir eru á ferð erlendis og skoða úrvalið. Sumir ganga jafnvel frá kaupum undir slíkum kringumstæðum og flytja nýja stöð með sér heim. Ef slíkt er ekki inni í myndinni, er bráðupplagt að setja sig í samband við íslenskan leyfihafa sem á stöð sem menn hafa áhuga á. Það er nefnilega ótrúlegt hve fljótt maður áttar sig á hvort tiltekin stöð kemur til greina eða ekki. Það er reynsla höfundar að langflestir leyfishafar taka vel í slík erindi.

Með ósk um gott gengi, 73 de TF3JB.

DXCC CHALLENGE viðurkenning TF5B



DXCC Challenge umsókn Brynjólfs Jónssonar, TF5B, var samþykkt hjá ARRL þann 12. október s.l. Brynjólfur er 5. íslenski leyfishafinn sem hlýtur viðurkenninguna. Um er að ræða vandaðan veggplatta sbr. meðfylgjandi ljósmynd. Viðurkenningin barst Brynjólfi í byrjun marsmánaðar, en ARRL breytti um s.l. áramót útliti viðurkenningarinnar og urðu seinkanir í framleiðslu til að auka afgreiðslutíma.

Sækja má um viðurkenninguna þegar menn hafa náð a.m.k. 1000 einingum, en síðan eru uppfærslueiningar (e. endorsements), við 1500, 2000, 2500 og 3000 einingar. Brynjólfur hafði 1118 einingar þegar umsókn hans var samþykkt.

Aðrir íslenskir leyfishafar sem eru handhafar DXCC Challenge: TF3DC, TF3JB, TF4M og TF8GX.

Hamingjuóskir til Brynjólfs!





Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A

Alls eru fimm FM endurvarpar starfræktir hér á landi í metrabylgjusviðinu (VHF). Þetta eru: (1) TF1RPE á Búrfelli; (3) TF2RPJ á Mýrum; (3) TF3RPA á Skálafelli; (4) TF3RPB í Bláfjöllum; og TF5RPD á Vaðlaheiði (í nágrenni Akureyrar).

Tveir eru starfræktir í sentimetrabylgjusviðinu (UHF). Það eru TF3RPI í Bláfjöllum, sem er stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR fjarskiptakerfið og FM hlekkur í Bláfjöllum sem er tengdur við TF2RPJ.

Fjórir stafvarpar og internetgáttir eru starfræktar í metrabylgjusviðinu (VHF): TF1APA á Búrfelli; TF3APF í Reykjavík; TF3IRA-1Ø í Reykjavík og TF8APA á Þorbjarnarfelli við Grindavík.

Þá eru tveir radióvitar stafræktir. Báðir nota kallmerkið TF1VHF. Þeir vinna á 50 MHz (6 metrum) og 70 MHz (4 metrum) og eru staðsettir á Álftanesi á Mýrum í Borgarfjarðarsýslu.

Yfirlit yfir endurvarpa, stafvarpa og radióvita í apríl 2019.

QRG, MHz	QRG inn	Tónn inn	QTH	Kallmerki	Hnit	Eigandi
FM endurvarpar						
145.600	-0,6 MHz	-	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPA	HP94gf	ÍRA
145.625	-0,6 MHz	-	Vaðlaheiði, 550 m. hæð yfir sjó	TF5RPD	IP05xr	ÍRA
145.650	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF3RPB	HP93ex	TF3ML
145.700	-0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1RPE	IP04cb	ÍRA
145.750	-0,6 MHz	88,5 Hz	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF2RPJ	HP84wl	TF3ML
439.950	-5,0 MHz ¹⁾	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF3RPI ²⁾	HP93ex	TF3ML
439.975	-7.0 MHz	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	Hlekkur ³⁾	HP93ex	TF3ML
Stafvarpar						
144.800	-	-	Búrfell	TF1APA	IP04cb	TF3SUT
144.800	-	-	Reykjavík (Hraunbær)	TF3APF	HP94bc	TF3JA
144.800	-	-	Reykjavík (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	HP94ad	TF1A
144.800	-	-	Þorbjarnarfell (Grindavík)	TF8APA		TF3SUT
Radióvitar						
50.457	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML
70.057	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML

1) Það þarf ekki sítón til að opna endurvarpann, en hann sendir sítón fyrir þá sem vilja nota tón „squench“. Rétt stilling á stöð: RX=88,5 Hz, TX=Enginn tónn.

2) Stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR tegund útgeislunar. Hefur gátt yfir netið út í heim.

3) UHF hlekkur á 439.975 MHz tengdur við TF2RPJ og TF3RPB.

Hver er á myndinni?

Meðfylgjandi mynd barst til félagsins. Hún er tekin í félagsaðstöðunni í Dugguvogi á bilinu 1978–1986. Sjá má t.d. skáp PÍRA (Pöntunarfélags ÍRA) á bak við félagana.

Á myndinni (frá vinstri): Hans Konrad Kristjánson TF3FG, Yngvi Harðarson TF3Y, óþekktur radióamatör, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33.

Hafi menn hugmynd um nafn eða kallmerki óþekkta leyfishafans, vinsamlegast látið ritstjóra vita.





Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2018/19

Fundargerð 6 fundar í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 13. nóvember kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3EK gjaldkeri, TF2LL ritari, TF3UA varamaður og TF2EQ varamaður. TF3JM meðstjórnandi hafði boðað forföll.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:10 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

Tillaga að dagskrá:

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 5. fundar frá 3.10.2018 lögð fram.
3. Erindi – innkomin og/eða send frá síðasta stjórnarfundum.
 - › Sent 05.10./ Erindi til PFS um auknar heimildir í 50 MHz sviðinu skv. samþykkt stjórnarfundar nr. 5. (merkt 1)
 - › Sent 08.10./ Erindi til PFS um auknar heimildir í 70 MHz sviðinu skv. samþykkt stjórnarfundar nr. 5. (merkt 2)
 - › Mótt 08.10./ Erindi frá PFS með heimild um rýmra tíðnisvið á 70 MHz. (merkt 3)
 - › Sent 09.10./ Erindi til PFS með þökkum fyrir jákvæða afgreiðslu á 70 MHz beiðni. (merkt 4)
 - › Send 09.10./ Fréttatilkynning til systurfélaganna og samtaka í IARU Svæði I og víðar með 70 MHz fréttum. (merkt 5)
 - › Sent 05.11./ Erindi til PFS með umsókn um úthlutun kallmerkisins TF3YOTA fyrir ÍRA. (merkt 6)
 - › Mótt 05.11./ Erindi frá PFS með með heimild til notkunar kallmerkisins TF3OTA fyrir ÍRA. (merkt 7)
4. Skýrsla gjaldkera; staða innheimtu o.fl.
5. Skýrsla varaformanns; kaup á búnaði til TF3IRA.
6. CQ TF, 1. tbl. 2019 (merkt 8).
7. Vetrardagskrá ÍRA, janúar–maí 2019 (merkt 9).
8. Námskeið til amatörprófs febrúar–maí 2019 n.k. (merkt 10).
9. Dagsetning aðalfundar 2019 (merkt 11).
10. Lagabreytingar á aðalfundi (merkt 12).
11. Önnur mál.
 - (a) Tölvubúnaður og nettenging í félagsaðstöðunni.
 - (b) IARU Svæði 1: Desember er YOTA mánuður (merkt 13).
 - (c) Breytingar í stjórn: Elín Sigurðardóttir, TF2EQ kvödd (merkt 14).

12. Næsti fundur stjórnar: 16.1.2019.

13. Fundarslit.

Fyrir formlegan fund rakti formaður TF3JB það helsta sem fram hafði farið frá síðasta stjórnarfundum.

2. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 3.10.2018 lögð fram.

Umræður urðu um fundargerðina og töldu stjórnarmenn ekki rétt eftir haft og að einnig vantaði atriði í fundargerðina. Ritari, TF2LL tók niður athugasemdir og verður fundargerðin leiðrétt á milli funda og m.a. bætt inn þeim atriðum sem fundarmenn töldu vanta og væri ábótavant. Ritari mun gera það eins fljótt og tími vinnst til.

3. Erindi – innkomin og/eða send frá síðasta stjórnarfundum.

Formaður, TF3JB, fór yfir og skýrði afgreiðslu inn- og útsendra erinda. Í máli formanns, TF3JB kom m.a. fram, að á Íslandi væru þegar komnar 70 Icom IC-7300 stöðvar sem allar hefðu m.a. 70 MHz sviðið, þannig að í ljósi fjöldans og aukinna heimilda í sviðinu væru góðar líkur á aukinni notkun 4 metra bandsins framundan.

4. Skýrsla gjaldkera; staða innheimtu ofl.

Gjaldkeri, TF3EK, skýrði frá því, að nærri 20 félagar skulduðu enn 2 ár og að 20 og 30 skulduðu 1 ár af félagsgjöldum.

5. Skýrsla varaformanns TF3DC, kaup á hlutum til TF3IRA.

Varaformaður, TF3DC, skýrði frá því að endanlegt verð á nýjum Pro.Sis.Tel. rótor af gerðinni PST-61 hafi verið um 216.000 krónur.

6. CQ TF, 1. tbl. 2019.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að undirbúningur útgáfu 1. tbl. CQ TF 2019 gangi vel. Ritstjóra hafi þegar borist efni í blaðið, þátt fyrir að ekki verði formlega auglýst eftir því fyrr en í janúar n.k. Elín, TF2EQ, spurði um lengd efnis, þ.e. hvort hámarksstærð sé á innsendum greinum. Formaður sagði svo ekki vera, en hinnsvegar leiðbeini ritstjóri félagsmönnum með texta og myndir, þ.m.t. hvað varðar lágmarksupplausn.

7. Vetrardagskrá ÍRA, janúar–maí 2019.

Formaður, TF3JB, fór yfir efnisramma og fjölda fimmtudaga í boði á fyrirhugaðri vetrardagskrá. Hann hvatti stjórnarmenn að koma með hugmyndir að efni og um fyrirlesara.

8. Námskeið til amatörprófs febrúar–maí 2019.

Formaður kynnti tillögu sína þess efnis, að næsta námskeið félagsins til amatörprófs verði haldið í HR á tímabilinu 12. febrúar til 11. maí. Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður námskeiða félagsins hefur verið upplýstur um málið og er reiðubúinn til að annast verkefnið. Formaður mun annast samskipti við prófnefnd og PFS. Tillagan einróma samþykkt.

9. Dagsetning aðalfundar 2019.

Formaður, TF3JB, gerði að tillögu sinni að aðalfundur ÍRA verði haldinn laugardaginn 16. Febrúar n.k. Umræða varð um hugsanlegan fundarstað og var formanni falið að kanna kostnað og hvort hægt væri að fá sal undir fundinn t.d. á Hótel Sögu. Elín, TF2EQ, spurði hvort hægt væri að taka fundinn upp eða senda út og sáu stjórnarmenn engin tormeiki á því, sbr. ákvæði í 16. gr. félagslaga þess efnis.

10. Lagabreytingar á aðalfundi.

Samkvæmt ákvæði í 29. gr. félagslaga, þurfa tillögur til lagabreytinga að berast stjórn félagsins eigi síðar en 15 janúar.

11. Önnur mál.

(a) Tölvutenging og nettenging í félagsaðstöðunni.

Elín, TF2EQ, skýrði frá því að núverandi nettenging félagsins sé hagkvæmasti kosturinn sem í boði sé. Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI, kom í félagsaðstöðuna og gerði mælingar á nethraða og reyndist hann innan marka. Ekki er greitt línugjald eða önnur gjöld. Fram kom sú hugmynd, að bæta megi úr styrkleika á þráðlausu innanhússneti. Ritari, TF2LL, spurði hvort nettengingin væri nægilega öflug til að fjarstýra félagsstöðinni og mun svo vera.

(b) IARU Svæði 1: Desember er YOTA mánuður.

Formaður, TF3JB, tilkynnti að sótt hefði verið um og fengin úthlutun hjá Póst- og fjarskiptastofnun á kallmerkinu TF3YOTA. Viðskeytið gefur til kynna þátttöku ÍRA í verkefni IARU Svæðis 1: „Young People on the air, YOTA“. Formaður gat þess, að samkvæmt Lisu Leenders, PA2LS, ungmennafulltrúa IARU Svæðis 1 og YOTA stuðningsaðila, verður verkefnið rekið í desembermánuði ár hvert og er hugsað til að auka áhuga ungs fólks á amatör radíói. Kallmerki með

viðskeytið YOTA verða því áberandi í loftinu í desembermánuði ár hvert, en 2018 er fyrsta árið sem það fer af stað. Flest landsfélög radióamatöra í IARU Svæði 1 eru þátttakendur í verkefninu.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er frumkvöðull að þátttöku ÍRA og er tilnefnd YOTA verkefnisstjóri ÍRA. Þetta verður síðasta verkefnið sem hún tekur að sér fyrir hönd félagsins áður en hún flytur brott af landinu. Aðstoðarverkefnisstjóri ÍRA YOTA verkefnisins er tilnefndur Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, sem mun þannig taka við verkefninu um áramót.

Elín, TF2EQ, skýrði frá því að hún og Árni Freyr, TF8RN, hafi áhuga á að fá að nýta félagsstöðina og aðstöðuna í Skeljanesi þann 1. desember n.k. með kallmerkinu TF3YOTA. Áætlað er að 15 krakkar muni taka þátt í viðburðinum. Elín, TF2EQ, mun taka að sér í samráði við kortastjóra ÍRA TF3MH að útbúa QSL kort fyrir TF3YOTA. TF3MH mun einnig setja kallmerkið TF3YOTA inn á QRZ og LoTW. Stjórnarmönnum leist vel á framtakið og fagna áhuga og elju skátanna að upppfræða ungdóminn. Skipan þeirra TF2EQ og TF8RN í verkefnisstjórn YOTA samþykkt samhljóða.

(c) Breytingar í stjórn : Elín Sigurðardóttir, TF2EQ kvödd.

Fyrir liggur að Elín mun hætta sem varamaður í stjórn ÍRA um næstu áramót vegna búferlaflutninga erlendis. Formaður, TF3JB, þakkaði Elínu fyrir hönd stjórn ÍRA, vel unnin störf í þágu félagsins og færði henni kort og blómvönd. Að sögn formanns, TF3JB, mun Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, að öllum líkindum vera fyrsta konan sem situr í stjórn ÍRA frá stofnun félagsins fyrir 72 árum. Elín þakkaði fyrir sig og færði félaginu forlata plöntu í postulinspotti að gjöf. Formaður tók við plöntunni fyrir hönd félagsins. Sú kvöð fylgir, að stjórn og félagsmenn hlúi vel að plöntunni um alla framtíð.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að næsti fundur stjórnar, sem jafnframt verður sá síðasti á starfsárinu, verði haldinn miðvikudaginn 16. janúar 2019.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, sleit fundi kl. 21:30.

Georg Magnússon
TF2LL Ritari ÍRA.

Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2018/19
Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 16.
janúar 2019 kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3EK gjaldkeri, TF2LL ritari, TF3UA varamaður. TF3JM meðstjórnandi boðaði forföll og TF2EQ er flutt erlendis.

1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:15 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 6. fundar frá 13.11.2018 lögð fram.
3. Erindi – innkomin og/eða send frá síðasta stjórnarfund:

 - › 3. desember 2018 / Erindi IARU vegna framboðs VE6SH í embætti formanns og LA2RR í embætti varaformanns til 5 ára.
 - › 2. janúar 2019 / Úthlutun PFS á kallmerkinu TF3IMD til rekstrar sameiginlegrar stöðvar; TF3VS ábyrgðarmaður.

4. Gjaldkeri leggur fram drög að ársreikningi félagssjóðs.
5. Fundarboð aðalfundar 2019; *sbr. 17. gr. félagslaga*.
6. Dagskrá aðalfundar; *sbr. 19. gr. félagslaga*.
7. Innkomnar tillögur til lagabreytinga; *sbr. 29. gr. félagslaga*.
8. Námskeið til amatörprófs febrúar-maí 2019.
9. Vetrardagskrá ÍRA janúar-maí 2019.
10. CQ TF, 1. tbl. 2019.
11. Önnur mál.
 - a) DXCC Digital viðurkenningarskjal TF3IRA barst 10. janúar.
 - b) Tillaga um skipan TF2EQ í embætti ÍRA Youth Conductor.
 - c) Erindi IARU dags. 3.12.2018; tillaga um stuðning ÍRA við endurkjör VE6SH og LA2RR.
 - d) „Próf fyrir radióáhugamenn og Prófnefnd ÍRA“ erindi TF3EK dags. 13.11.2018.
 - e) „Staða í loftnetamálum félagsins“; TF3EK óskar umfjöllunar í stjórn.
 - f) Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2018/19; þakkarávarp formanns, TF3JB.
12. Fundarslit.

2. Fundargerð 6. fundar frá 13.11.2018 lögð fram.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3.a Erindi frá IARU varðandi framboð VE6SH og LA2RR.

Stjórn ÍRA samþykkir að styðja báða til áframhaldandi starfa.

3.b Úthlutun á kallmerkinu TF3IMD.

Samþykkt samhljóða.

4. Gjaldkeri leggur fram drög að ársreikningi félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3EK, fór yfir helstu stærðir í ársreikningi 2018. Fram kom, að hann á eftir að stilla reikninginn af og mun í framhaldi hafa samband við aðalfundarkjörna skoðunarmenn.

Einar skýrði frá því að hann yrði erlendis þegar aðalfundur verður haldinn. Formaður, TF3JB, lagði til að varaformaður, TF3DC, taki að sér að flytja ársreikninginn í hans stað á aðalfundinum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Fundarboð aðalfundar 2019.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að 1. tbl. CQ TF komi út á heimasíðu félagsins 25. janúar n.k. og verður fundarboð aðalfundar birt í því. Jafnframt verður sendur tölvupóstur til félaga sem eru með skráð tölvupóstfang í félagskrá. Ritari, TF2LL, mun annast útsendingu fundarboðs í pósti til þeirra félaga sem ekki hafa skráðan tölvupóst hjá félaginu.

Formaður skýrði jafnframt frá því að fundarsalur á Hótel Sögu sé tilbúinn til afnota fyrir fundinn, félaginu að kostnaðarlausu, en greiða þarf fyrir kaffiveitingar 650 krónur á mann.

6. Dagskrá aðalfundar.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að dagskrá aðalfundar yrði hefðbundin samkvæmt 19. grein félagslaga.

7. Innkomnar tillögur til lagabreytinga.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að engar tillögur til lagabreytinga hafi borist að þessu sinni.

8. Námskeið til amatörprófs í febrúar-maí 2019.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að auglýst hafi verið námskeið til amatörprófs þann 6. janúar s.l. í samráði við prófnefnd og umsjónamann námskeiða. Námskeiðið er auglýst á tímabilinu febrúar-maí á heimasíðu, Facebook síðum, hjá háskólunum í Reykjavík, 4X4 ferðaklúbbnum og víðar. Frestur til skráningar er til 20. janúar en reiknað er með að hann verði framlengdur til 31. janúar. Fram kom, að 4 hafi þegar sótt um og tilkynnt sig.

9. Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2019.

Formaður, TF3JB, skýrði framlagða vetrardagskrá fyrir tímabilið febrúar-maí n.k. Alls verða 10 erindi í boði líkt og var fyrir áramót, laugardags- og sunnu-

dagsopnanir og myndakvöld. Hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda“ verður endurtekið. Nýjungar nú eru myndakvöld og smíðanámskeið. Auglýstir viðburðir eru alls 16 talsins, en til viðbótar þeim fjölda bætast við laugardagsviðburðir sem eru auglýstir sérstaklega hverju sinni og seinna hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin...“ sem verður í boði eftir páska.

10. CQ TF, 1. tbl. 2019.

Formaður, TF3JB, skýrði frá að samkvæmt upplýsingum frá ritstjóra gangi efnissöfnun vel og í raun svo vel að eitthvað af efni þurfi að geyma til næsta blaðs, eigi blaðið ekki að fara yfir þann fjölda blaðsíðna sem mestur má vera miðað við að hægt sé að hefta blaðið í kjöl.

Nokkrar umræður urðu um CQ TF og sagði TF3UA m.a., að stafræn útgáfa CQ TF mætti ekki gjalda þess að prentuð útgáfa tæki yfir þar sem blaðið ætti að koma út í stafrænni útgáfu. TF3JB sagðist í aðalatriðum vera sammála og sagðist ekki hafa ætlað að gera of mikið úr væntanlegri stærð næsta tölublaðs. Hann hafi langað til að vekja athygli á að það væri alltaf góð staða hjá ritstjóranum að eiga efni á lager til seinni tíma.

Fram kom upp sú hugmynd að félagar gætu óskað eftir að fá prentað blað gegn greiðslu. Þá kom einnig fram að þau tölublað sem hafa verið lögð fram í félagsaðstöðunni hafa horfið jafnhraðan og af því megj leiða líkur að eftirspurn sé eftir blaðinu á prentuðu formi.

Ritari, TF2LL nefndi að hugsanlegt væri að bjóða félögum að hafa samband við prentsmiðju og óska eftir að fá blaðið prentað og sent gegn greiðslu. Umræður urðu um aukna umsýslu ef félagið myndi standa sjálft að prentun. Flestir ættu að geta prentað blaðið út sjálfir í eigin prentara, en TF3UA kys ein-dregið að hafa og fá blaðið á rafrænu formi.

11. Önnur mál.

(a) *DXCC Digital viðurkenningarskjal TF3IRA barst 10. janúar.*

Viðurkenningarskjalið barst félaginu í pósti 10. janúar og var því fagnað af stjórnarmönnum.

(b) *Tillaga um skipan TF2EQ í embætti ungmennafulltrúa ÍRA.*

Eindregin samstaða stjórnar var um skipan Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ til embættis ungmennafulltrúa ÍRA; „ÍRA Youth Condiator“.

(c) *Erindi IARU dags. 3.12.2018; tillaga um stuðning við endurkjör VE6SH og LA2RR.*

Stuðningur við endurkjör þeirra VE6SH og LA2RR samþykktur samhljóða.

(d) *„Próf fyrir radióáhugamenn og Prófnefnd ÍRA“ erindi TF3EK dags. 13.11.2018.*

Gjaldkeri, TF3EK, sendi erindi á stjórnarmenn 13. nóvember 2018 í tölvupósti varðandi prófnefnd ÍRA. Stjórn ÍRA tók erindi TF3EK til umfjöllunar undir dagskrárliðnum og var samþykkt að vísa því til næstu stjórnar félagsins sem forgangsmáli.

(e) *„Staða í loftnetamálum félagsins“; TF3EK óskar umfjöllunar í stjórn.*

Gjaldkeri, TF3EK, óskaði eftir umfjöllun um loftnetamál félagsins. Hann sagðist ósáttur við framgang mála hvað varðar nýtt loftnet og turn sem félaginu var gefinn. Eftir nokkrar umræður var sæst á að upp verði sett spil og blakkarbúnaður sem myndi auðvelda fellingu nýja turnsins, líkt og hafi verið með gamla turninn.

(f) *Síðasta stjórnarfundur starfsársins 2018/19; þakkarávarp formanns, TF3JB.*

Síðasta atriði á dagskrá fundarins var þakkarávarp formanns, TF3JB. Jónas sagðist sérstaklega vilja þakka stjórnarmönnum – hverjum og einum frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins.

Fundi slitið kl 22:55

Georg Magnússon
TF2LL
Ritari ÍRA.

Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2018/19 8. fundur, stjórnarskiptafundur 2019; haldinn í Skeljanesi 26. febrúar kl. 20:00.

Mættir úr fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3EK gjaldkeri og TF2LL ritari.

(TF3NE meðstjórnarnanda, TF2EQ varastjórn og TF3UA varastjórn vantaði).

Mættir úr viðtakandi stjórn: TF1EIN, TF3GN og TF3PW (TF3UA vantaði).

1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:10 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 7. fundar frá 16.1.2019 lögð fram.
3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
4. Stjórnarskipti; fráfarandi stjórnarmenn þakka fyrir sig, skila gögnum og húslyklum og yfirgefa fund.
5. Fundarslit.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 7. fundar frá 16.1.2019 samþykkt samhljóða.

3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

- a. Erindi/tillaga TF3EK sem vísað var til nýrrar stjórnar. Varðar prófnefnd, námsefni og uppfærslu þess.

- b. TF3DC og tveir stjórnarmenn vinna að tillögum um heppileg QTH sem ÍRA getur mælt með fyrir erlenda leyfishafa sem til landsins koma. Drög liggja fyrir en málið er í vinnslu.

4. Stjórnarskipti.

Fráfarandi gjaldkeri, TF3EK, skilaði tveim möppum og húslyklum. Einar hefur verið fjögur ár í stjórn og þakkaði fyrir sig. Formaður þakkaði Einari og aðrir stjórnarmenn tóku undir það.

5. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundarritari, TF3DC.

Fróðleikspunktar um CQ TF

CQ TF er félagsrit ÍRA. Heitið “CQ TF” er fengið úr fjarSKIPTAMÁLI radióamatöra og er þýðing þess “Almennt kall til íslenskra amatørstöðva”. Ritið er umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA ásamt vefsíðum félagsins og póstlista. CQ TF kom fyrst út árið 1964 eða 18 árum eftir stofnun félagsins.

Á þeim 55 árum sem eru liðin frá því fyrsta tölublað CQ TF kom út, hefur útgáfa þess fallið niður nokkrum sinnum. Það var árið 1972, 1974, 1980, 1984–1994 og 2014–2018. Blaðaútgáfa félagsins féll þó ekki alfarið niður sem slík öll þessi ár, þar sem sum þeirra var gefið út fréttabréf fremur en formlegt félagsrit. Fréttabréfið kom sum árin út samhliða CQ TF og var hugmyndin, að fréttabréfið gæti t.d. verið hentugt útgáfuform fyrir fréttamiðlun. Útgáfuform fréttabréfsins var í A5 stærð og jafnvel 4 blaðsíður að stærð. Annað afbrigði þess kom út (a.m.k. árið 1993) undir nafninu CQ

TF Fréttabréf. Hafa ber í huga, að framangreint fyrirkomulag var lengst af við lýði fyrir tilkomu netsins; en CQ TF var fyrst sett á netið í febrúar árið 2000.

Á tímabilinu 1964–1973 var CQ TF oftast um 10 blaðsíður að stærð. Upp úr 1975 fjölga blaðsíðum. Fyrsta “stóra” blaðið kom síðan í mars 1976. Það var 42 blaðsíður. Sá blaðsíðufjöldi varð ekki “sleginn” út fyrr en með blaði í janúar 2009 sem var 52 bls. að stærð. Jafn stórt blað kom reyndar einnig út í október sama ár og svo á ný í janúar 2010. “Minnsta” tölublað CQ TF kom út 1970; það var 3 blaðsíður að stærð. Stöðugleiki ríkti í útgáfunni frá 1997 til 2006, en þá var blaðið (að mestu) gefið út í stærðinni A5 og blaðsíðufjöldi (oftast) 16 blaðsíður; á þessum árum komu út 5 tölublöð á ári.

Á tímabilinu 1964–2019 hafa 14 leyfishafar verið ritsstjórar. Langsamlega flest tölublöð komu út í tíð Brynjólfs Jónssonar (TF5BW/TF5B), eða 50 talsins. Næstur kemur Kristinn Andersen, TF3KX, sem gaf út 18 tölublöð. Blaðið var gefið út á prentuðu formi til og með 2. tbl. 2012, en frá og með 3. tbl. 2012 á rafrænu formi. Síðan útgáfa CQ TF var endurvakin eftir fimm ár þann 29. apríl 2018, hefur blaðið verið gefið út á PFD formi á heimasíðunni. Frá þeim tíma hefur það jafnframt verið prentað í takmörkuðu upplagi til nota í þágu félagsins.

Að lokum vil ég geta þess, að ef ekki væri fyrir frábært framlag Brynjólfs Jónssonar, TF5B, sem skannaði öll CQ TF blöð félagsins og fréttabréf, væri þessi útgáfa ekki samankomin á einn stað eins og er á heimasíðu ÍRA (sjá vefslóð neðar). Jafnframt ber að þakka Ölvi Sveinssyni, TF3WZ, sem hannaði og setti upp núverandi heimasíðu félagsins og gerði þar með áframhaldandi starf Brynjólfs mögulegt. Vefslóð: <http://www.ira.is/cq-tf/>



Forsíða 1. tbl. 1. árg. af CQ TF. Þetta tölublað var 7 bls. og fjölritað eftir vélrituðu frumriti. Segja má að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan þetta var.



Helstu DX keppnir 2019; apríl til júlí

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu DX keppnir á tímabilinu apríl til júlí 2019. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér. Eftirfarandi vefsíður eru með nánari upplýsingar, auk þess sem hver keppni er með eigin heimasíðu á netinu.

Vefslóðir:

<http://contestcalendar.com> og

<http://sk3bg.se/contest/index.htm>

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð
APRÍL					
6.-7. apríl	15:00-14:59	SP DX Contest International	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
19.-20. apríl	21:00-20:59	Holyland DX Contest	SSB/CW	160-10M	RS(T) + raðnúmer
20.-21. apríl	12:00-23:59	CQ MM DX Conterst	CW	80-10M	RST + EU
27.-28. apríl	13:00-12:59	Helvetia Contest	SSB/CW	160-10M	RS(T) + raðnúmer
MAÍ					
4.-5. maí	12:00-11:59	ARI International DX Contest	CW/SSB/RTTY	80-10M	RS(T) + raðnúmer
11.-12. maí	12:00-11:59	CQ-M International DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
11.-12. maí	12:00-11:59	Volta WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnr.+CQ svæði
18.-19. maí	12:00-11:59	King of Spain Contest	CW	160-10M	RS(T) + raðnúmer
25.-26. maí	00:00-00:59	CQ World-Wide WPX Contest	CW	160-10	RST + CQ svæði
JÚNÍ					
22.-23. júní	12:00-11:59	King of Spain Contest	SSB	160-10M	RS + raðnúmer
JÚLÍ					
6.-7. júlí	14:00-13:59	Marconi Memorial HF Contest	CW	160-10M	RST + raðnúmer
13.-14. júlí	12:00-11:59	IARU HF World Championship	CW/SSB	160-10M	RS(T) + ITU svæði
27.-28. júlí	12:00-11:59	RSGB IOTA Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnr.+IOTA nr.

ALÞJÓÐADAGUR RADÍÓAMATÖRA 2019

Alþjóðadagur radióamatöra (e. World Amateur Radio Day) er 18. apríl ár hvert. En þann mánaðardag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radióamatöra, IARU, stofnuð í París. Daginn ber að þessu sinni upp á skírdag.

Stofnfélögin þann 18. apríl 1925 voru 25 talsins, en aðildarfélögin eru í dag fulltrúar radióamatöra í alls 160 þjóðlöndum. Þau skiptast á þrjú svæði í heiminum, Svæði-

1 sem nær yfir Evrópu, Afríku, Mið austurlönd og norðurhluta Asíu; Svæði-2 sem þekur Norður- og Suður-Ameríku og Svæði-3, sem nær yfir Ástralíu, Nýja Sjáland, Kyrrahafseyjar og stærstan hluta Asíu.

Í mörgum aðildarlandanna er haldið upp á daginn með því að setja stöðvar í loftið með sérstökum kallmerkjum. TF3IRA er ekki QRV að þessu sinni vegna þess að daginn ber upp á helgidag hér á landi.



DXCC heildarstaða TF stöðva 22. mars 2019

Kallmerkjum er raðað eftir DXCC MIXED^{1 2 4}

TF3Y er einn íslenskra leyfishafa með skráningu á heiðurslista; DXCC HONOR ROLL, MIXED.

TF4M hefur flestar einstakar DXCC viðurkenningar (14 af 19).³

TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M eru handhafar 5 Banda DXCC.⁴

TF3DC, TF3JB, TF4M, TF5B og TF8GX eru handhafar DXCC Challenge.

#	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll Mixed
1.	TF3Y	343	-	315	121	-	-	-	127	-	115	-	110	-	-	343
2.	TF4M	315	235	294	107	233	131	168	132	247	130	158	129	133	1456	-
3.	TF3DC	310	-	297	147	-	-	-	182	-	224	-	204	212	1656	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	294	283	-	202	-	-	114	113	276	115	214	101	135	1124	-
6.	TF2LL	266	-	-	-	-	-	163	-	216	138	166	-	117	-	-
7.	TF3JB	253	177	235	109	-	101	118	127	229	170	146	142	117	1258	-
8.	TF3SG	239	155	225	-	126	220	181	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3IRA	213	179	179	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF3G	186	133	138	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
11.	TF1A	164	143	-	138	-	-	104	109	132	104	103	-	-	-	-
12.	TF3DT	156	123	-	126	-	-	115	-	116	-	-	-	-	-	-
13.	TF3EK	116	-	-	114	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.	TF3MH	114	-	-	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
TF kallmerki með óvirka DXCC skráningu: ²																
15.	TF3SV	349	Óvirk skráning (hljóðnaður lykill).													
16.	TF3IM	226	Óvirk skráning.													
17.	TF2WLC	106	Óvirk skráning. (Skýring: Varnarliðsmaður; a.m.k. QRV árið 1968 [f.ár 1946]. Núverandi kallmerki: K4WS).													

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Ekkert TF kallmerki er enn skráð fyrir DXCC viðurkenningu fyrir sambönd um gervitungl, á 6 metrum, 2 metrum og 70 sentímetrum.

4 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sækja um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.